

Prentarar
Skannar
Myndavélar
Faxtæki

Canon

Ljósritunarvélar
Laserprentarar
Reiknivélar
Ljósmyndapappír

ÓRÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 13. febrúar 2002 • 7. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

Forréttindi að fá að alast upp á Ísafirði

– segir Guðfinnur Rósinkranz Kjartansson
gjaldkeri Ísfirðingafélagsins í Reykjavík
í viðtali við Hálfán Bjarka í miðopnu

Samkeppni um heildarlausn fyrir framtíðarhúsnæði Grunnskólans á Ísafirði

Áhersla lögð á hagkvæmni lausna með tilliti til breytinga á núverandi húsnæði og nýbygginga

Dómnefnd sem skipuð var á síðasta ári vegna fyrirhugaðrar hugmyndasamkeppni um framtíðarhúsnæði Grunnskólans á Ísafirði hefur skilað af sér keppnislýsingu og hefur bæjarráð Ísafjarðarbæjar lagt til að hún verði samþykkt.

Fram kemur í gögnunum að frestur til að skila inn til-

lögum er til 2. maí nk. og að dómnefnd muni ljúka störfum fyrir mánudaginn 3. júní 2002. Í samkeppnislýsinguinni kemur fram að markmiðið með keppninni sé að finna heildarlausn á húsnæðis- og skipulagsmálum Grunnskólans á Ísafirði. Leitað sé eftir metnaðarfullri lausn hvað varðar

skipulag skólasvæðisins, nýtingu núverandi bygginga og aðlögun að þeim hvað varðar byggingarlist.

Dómnefnd leggur áherslu á hagkvæmni lausna með tilliti til breytinga á núverandi húsnæði og nýbygginga. Þannig skal heildarlausn í húsnæðis- og lóðamálum Grunnskólans

á Ísafirði byggð á stefnu og framtíðarsýn bæjaryfirvalda í skólamálum. Húsnæði, lóð og aðbúnaður skal fullnægja lögum og reglugerðum um skólmannvirki enda er gert ráð fyrir aðlögun eldri mannvirkja að skólasterfi í þeim lögum og reglugerðum. Þá skal húsnæði, lóð og annar aðbúnaður

henta og stuðla að metnaðarfullu skólasterfi á 21. öld.

Áhersla skal lögð á að allur búnaður, rými og aðkoma að skólanum fullnægi kröfum um öryggi og gott vinnuumhverfi. Samkeppnin er haldin í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Veitt verða verðlaun allt að kr. 5.000.000.

EKKERT
BRUÐL

Gerið verð
samanburð
Bónus býður
alltaf betur!

BONUS

Tilboðin eru
á bonus.is



Skip og bíll


Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi

www.eimskip.is • Sími 456 5500

www.flytjandi.is • Sími 456 5500



Kristinn sækir um Foldaskóla

Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, sem starfað hefur sem skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði í rúm sex ár eða frá árinu 1995, hefur sótt um stöðu skólastjóra Foldaskóla í Grafarvogi í Reykjavík.

„Mér datt í hug að sækja um þessa stöðu. Mig langaði að breyta til en ég er mjög ánægður með þessi ár sem ég er búinn að vera hér. Það er ekki komin niðurstaða í málið þannig að ég er ekki farinn,“ sagði Kristinn í samtali við blaðið. Fimm einstaklingar sóttu um stöðu skólastjóra Foldaskóla.

Mikil ánægja hefur verið með störf Kristins Breiðfjörðs við Grunnskólann á Ísafirði og það almennt álit að hann hafi náð umtalsverðum árangri í starfi. „Ef ég fæ starfið hjá Foldaskóla, þá fer ég í vor eða haust, ég myndi allavega ljúka skólaárinu hér vestra,“ sagði Kristinn.

Kristinn segir að umbóta- starfi við skólann sé engan veginn lokið, að stjórn skóla sé endalaust starf. Hann hafi engan veginn afrekað allt sem hann gæti á Ísafirði.

Ísafjarðarbær

Íþróttamaður ársins valinn á sunnudag

Úrslit í kjöri Íþróttamanns Ísafjarðarbæjar 2001 verða kunngerð í hófi sem haldið verður á 3. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði kl. 15 á sunnudag.

Auk vals á Íþróttamanni Ísafjarðarbæjar verða einnig veittar ýmsar viðurkenningar til þeirra íþróttamanna er þykja hafa skarað framúr á árinu sem leið.

Alvarleg líkamsárás í heimahúsi á Suðureyri

Lögreglan á Ísafirði þurfti að hafa talsverð afskipti af fólki um helgina vegna drykkju og óláta. Á föstudagskvöld var árhátíðardansleikur menntskælinga haldinn og þurfti lögreglan þá að leggja hald á töluvert magn af áfengi, þó ekki kæmi til ryskinga milli unglínganna.

Annað var uppi á teningnum aðfaranótt sunnudags þegar foreldrar unglínganna fóru á kreik. Þá voru sex lögregluþjónar á vakt og náðu þeir vart að anna öllum þeim fjölda útkalla sem barst vegna líkamsárása, ónæðis af völdum hávaða o.fl. Ein alvarleg líkamsárás varð um helgina er lögreglan var kölluð í heimahúsi á Suðureyri þar sem maður hafði veitt hjónum talsverða áverka, meðal annars með glas að vopni. Voru hjónin flutt á slysadeild þar sem gert var að sárum þeirra. Árásarmaðurinn var handtekinn en fékk að fara ferða sinna eftir tital. Málið hefur nú verið kært og



Frá Suðureyri.

er í rannsókn lögreglunnar á Ísafirði.

Kl. 03:00 barst lögreglunni síðan tilkynning um líkamsárás í Hnífsdal, einhver meiddslurðu á fólki áður en lögreglan náði að stilla til friðar.

Kl. 04:20 var lögreglan síðan kölluð aftur á Suðureyri

er hópur ölvaðra manna reyndi að knýja inngöngu í hús eitt í óþökk húsráðenda. Lögreglan þurfti oft að hafa viðkomu á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði að beiðni starfsfólks við að hemja þá sem leituðu sér aðhlyningar. Vildi fólk oft ekki hlýða fyrir mælum starfs-

fólksins, sem treysti sér í kjölfarið ekki til þess að annast fólkið án eftirlits lögreglu.

Ónæði af skemmtanahaldi í heimahúsum var einnig talsvert og þurfti lögreglan að koma margoft í eina íbúðina og biðja húsráðendur um að stilla til friðar.

Allt frá bókmenntun til kvikmyndasögu á sunnudagssíðdegi í Edinborgarhúsinu

„Brynjólfur Jóhannesson og Ísafjörður“

Líf og fjör verður í Edinborgarhúsinu á Ísafirði það sem eftir lifir vetrar. Á sunnudag, 17. febrúar, fer fram fyrsti dagskrárliðurinn í röð menningarviðburða sem settir verða upp undir heitinu „Sunnudagssíðdegi í Edinborgarhúsinu“. Þar verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá þar sem víða verður komið við eða frá bókmenntum til kvikmynda- sögu. Fyrsti dagskrárliðurinn nefnist „Brynjólfur Jóhannes-

son og Ísafjörður“ og fjallar um ár Brynjólfs Jóhannesson- ar leikara á Ísafirði. Ungur að aldri flutti hann vestur og bjó þar í tæpa tvo áratugi. Á Ísafirði hóf hann leikferilinn en eins og mörgum er kunnugt lék hann síðar með Leikfélagi Reykjavíkur og var án efa einn ástsælasti leikari þjóðarinnar. Auk umfjöllunar um Brynjólf og Ísafjörð verða flutt lög sem hann söng á sínum tíma. Umsjón með dagskránni hefur

Elfar Logi Hannesson og auk hans munu koma fram þau Páll Gunnar Loftsson og Margrét Gunnarsdóttir.

Viku síðar, eða sunnudaginn 24. febrúar, verður ritlistin í aðalhlutverki. Undanfarin ár hefur Menningarnefnd Edinborgarhússins staðið fyrir bókmenntadagskránni „Vest- anvindar“ og að þessu sinni er fjallað um skáldkonuna Jakobínu Sigurðardóttur. Að auki munu ísfrisk skáld lesa

úr verkum sínum. Umsjón með þeim dagskrárlið hefur Eyvindur P. Eiríksson. Þriðja sunnudagssíðdegið verður síðan þann 10. mars. Þar er á ferðinni dagskrá sem nefnist „Hvíta tjaldið: Saga kvikmyndanna“. Elfar Logi rekur þá sögu kvikmyndalistarinnar og Kristinn Níelsson og félagar leika lög úr þekktum kvikmyndum.

Um páskana verður hins vegar brugðið aðeins út af

vananum en þá verður síð- degisviðburðurinn á fimmtu- degi, Skírdag. Félagar úr Litla leikklúbbnum hyggest þá leiklesa leikritið „Kristrún í Hamravík og Himnafaðirinn“ eftir Guðmund G. Hagalín í leikstjórn Elfars Loga Hann- essionar. Laugardaginn 30. mars verður dagskráin um Brynjólf og Ísafjörð síðan endurflutt. Dagskráin hefst alltaf kl. 17:00 og er aðgangs- eyrir kr. 600.

Á þeim degi urðu þeir vinir

„Á þeim degi urðu þeir vinir, en áður var fjandskapur með þeim.“ Forystumenn sjómannasamtakanna og LÍU, sem sjaldan hafa komið sér saman um nokkurn hlut, og stjórnvöld því gripið inn í deilur þeirra með lagabodum hvað eftir annað, kunngjörðu eigi alls fyrir löngu: Við höfum fundið lausn á deilunni um stjórnun fiskveiða; við höfum slíðrað sverðin. Blásið var í herluðra og brosað framan í þjóðina. Hver hefði trúað þessu?

Svo sem við mátti búast var vináttuyfirlýsingunni tekið með varúð. Enda hefur komið á daginn að liðsöfnunin bak við friðarfánann, sem þessir fornu féndur veifuðu, hefur ekki gengið eftir.

En þótt lúðurhljómarnir ómi ekki lengur og friðarsöngurinn þagnaður berast reglulega fréttir um mikilvægi þess fyrir íslensku þjóðina (á heildina litid og fer þá ekki á milli mála við hvað er átt) að fólkið í sjávarþorpunum hætti strögglinu um réttinn, sem fylgt hefur búsetu á þessum stöðum öldum saman, og snúi sér að nútímalegri viðfangsefnum en göslast í fiski, eins og það er kurteislega orðað við fólkið á Bíldudal, Drangnesi og Raufarhöfn, svo fáeinir staðir séu nefndir.

Háskóli Íslands lætur sitt ekki eftir liggja. Frá æðstu menntastofnun landsins berast svo misvísandi niðurstöður sama reikningsdæmis, að með ólíkindum er

Hagfræðistofnun Háskólans varar við auðlindagjaldi í sjávarútvegi og telur það geta leitt til tekjulækkunar fyrir ríkið er fram líða stundir. Á sama tíma komast dósentar í viðskiptafræði við sömu stofnun að gagnstæðri niðurstöðu, hafna kenningu Hagfræðistofnunar og telja auðlindagjald geta aukið landsframleiðslu og verið jákvætt fyrir þjóðarbúið.

Eflaust telja reiknimeistarar Háskólans sig þess umkomna að leika sér með tölur. Þeir verða þó að eiga það við sjálfa sig hvort reiknikúnstirnar séu til þess fallnar að auka traust á stofnuninni. Veldur hver á heldur. Alvara málsins liggur þó ekki í reikniáðferðum háskólanna heldur að byggðunum heldur áfram að blæða.

Á Alþingi Íslendinga er stöðugt bætt við plástrum á meingallað fiskveiðistjórn- unarkerfi í stað þess að taka á vandanum á þann eina veg sem dugar: Skilum á milli strandveiði- og úthafsflota með nánari útfærslu á réttindum og skyldum handhafa veiðiréttinda innan hvors veiðikerfis fyrir sig.

Til þessa framtaks skortir þingmenn kjark, enn sem komið er. Vináttan sem varð til á þeim degi mun hins vegar ekki leiða til neins fagnaðar frekar en forðum.

Frá útgefendum:

Umboðs- aðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þét- býlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikólína Þor- valdsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Sindri V. Gunnarsson, Holtagötu 11, sími 456 4982. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðal- götu 20, sími 891 7738. **Flat- eyri:** Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Selma Rut Söfnadóttir, Hlíðargötu 40, sími 456 8269.

Útgefandi: H-prent ehf. Sólögötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • Neffang prentsmiðju: hprent@bb.is • Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, neffang: bb@bb.is • Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson • Blaðamenn: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sími 456 4448, neffang: umbrot@bb.is, Haukur Magnússon, sími 695 8158, neffang: haukur@bb.is • Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, neffang: halldor@bb.is • Fréttavefur: www.bb.is • Lausaflokkur er kr. 200 eintakið m. vsk. • Áskriftaverð er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti • Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimildar sé gefið.

Með eðlilegu viðhaldi má koma húsinu í ágætt horf að nýju

– segir Elísabet Gunnarsdóttir, arkitekt í greinargerð sinni til nefndarinnar

Húsið að Hreggnasa 3 í Hnífsdal verður ekki rífið, a.m.k ekki á næstunni, þar sem Húsafríðunarnefnd ríkisins telur ekki ástæðu til niðurrífs hússins að svo stöddu og mælist til þess að gerð verði húsakönnun áður en tekin verði afstaða til niðurrífs. Ísafjarðarbær eignaðist húsið á uppboði sl. sumar og hafði óskað eftir því við nefndina

að fá að rífa það en skv. lögum er eigendum húsa sem reist eru fyrir 1918 skylt að leita álits hjá húsafríðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Húsið, sem byggt er árið 1915, er í mjög lélegu ástandi. Vegna staðsetningar þess þótti ekki ráðlegt að fara í kostnaðarsamar viðgerðir en þjóðveg-

urinn um Hnífsdal til Bolungarvíkur liggur mjög nærri húsinu. Í greinargerð sem Elísabet Gunnarsdóttir arkitekt vann fyrir húsafríðunarnefnd segir m.a. að húsið sé reisulegt og hafi verið glæsilegt framan af, en bágð viðhald síðari ára sé farið að segja til sín. Ekkert bendi hins vegar til þess að burðarvirki sé mikið skemmt og telur hún að með eðlilegu

viðhaldi megi koma húsinu í ágætt horf að nýju. Þá getur Elísabet þess að ekki sé til húsakönnun fyrir Hnífsdal en byggðin við sjóinn sé að mörgu leyti dæmigerð fyrir gamalt vestfirskt sjávarþorp á malarkambi.

Segir hún nauðsynlegt að skoða nokkur atriði sem varði á sýnd og skipulag gamalla þorpa og smábæja á Íslandi.

Hvort t.d. sé rétt að fletja út öll sérkenni gamalla íslenskra þorpa, hvort það sé sjálfgefið að fjarlægja öll hús sem ekki eru staðsett í beinni götulínu eða að þau sem standa þétt við umferðargötu séu fyrir umferð og skapi hættu. Þá megi velja því fyrir sér hvort það sé forsvaranlegt að gera ráð fyrir að sveitarfélög búi yfir eða hafi aðgang að þekk-

ingu til að taka ákvarðanir um að breyta smátt og smátt yfirbragði þessara smáu þéttbýliskjarna með niðurrífi húsa og annarra mannvirkja þar til samhengið sé horfið.

Að sögn Stefáns Brynjólfs-sonar, byggingarfulltrúa, verður ábending húsafríðunarnefndar um húsakönnun í Hnífsdal tekin fyrir á næsta fundi umhverfisnefndar.

Siglingadagar haldnir við Ísafjarðardjúp í sumar

Hópur frá Nanortalik kynnir grænlenzka kajaka

Siglingadagar verða haldnir við Ísafjarðardjúp í sumar og er þegar farið að huga að skipulagningu þeirra. Íslandsmót í sjóka-aksiglingum er meðal þess sem verður á dagskrá og verður það haldið í samvinnu við Kajakklúbbinn. Þá hyggjast þeir sem standa að Siglingadögunum bjóða grænlenzku kajaksiglingahóp frá Nanortalik, vinabæ Ísafjarðar, að taka þátt í hátíðinni. Hópurinn er þekktur á Grænlandi fyrir sýningar á mannamótum og þykja meðlimir hans mjög færir kajakraðarar. Rúnar Óli Karlsson, forsvarsmáður Siglingadaganna, segir að væntanlega komi fimm kajaksiglarar og einn kennari í smíði kajaka. Þeir muni sýna hvernig frumbyggjar



Grænlands hafa notað bátinn í gegnum aldirnar til að draga björg í bú og sömuleiðis grænlenzkt handbragð við smíði kajaka.

Grænendingarnir koma með kajaka með sér og verða væntanlega með námskeið í smíði slíka báta. Rúnar Óli segir að námskeið sem þetta komi án efa til með að hafa mikið aðdráttarafl og er stefnan að halda það í Sjóminjasafninu í Neðstakaupstað. Safnverðir þar hafi lagt sig fram um að halda námskeið í alls konar gömlu handverki og verði þetta góð viðbót við

þá starfsemi.

Á Siglingadögunum, sem standa yfir 19.-28. júlí nk, verður auk þess námskeið í seglbátasiglingum, ferðir um svæðið, keppni á bátum, bátball og væntanlega fleira sem kemur í ljós síðar. Segir Rúnar Óli að tilgangurinn með hátíðinni sé fyrst og fremst að stefna saman áhugafólki um hvers konar siglingar á Íslandi og hér fyrir vestan séu ákjósanlegar aðstæður fyrir slíkt mót enda svæðið stórkostlegt til hvers konar siglinga; lygnir eyðifirðir, eyjar og fjölbreytt fugla- og sjávarspendýralíf. Telur hann að ferðaþjónusta tengd sjónum eigi mikla möguleika og séu Siglingadagarnir hluti af markaðssetningu svæðisins í þá veru.

Undirbúningur hafinn að Skíðavíku Ísfirðinga 2002

Hátíðin sett 27. mars

Undirbúningur Skíðavíku Ísfirðinga 2002 er kominn á fullt skrið en framkvæmd hennar er í höndum Skíðafélag Ísfirðinga líkt og undanfarin ár. Hefur stjórn félagsins fengið fjóra valinkunna aðila til að sitja í skíðavíkunefnd, þau Rúnar Óla Karlsson, Hermann Niésson, Elvar Loga Hannesson og Sigríði Schram.

Þá hefur verið rætt við Gunnar Þórðarson um að taka að sér framkvæmdarstjórn Skíðavíku og verður gengið frá því máli fljótlega. Að sögn Rúnar Óla Karlssonar verður Skíðavíkan á víðtækri formlega sett miðvikudaginn 27. mars og stendur hún fram á páskadag, 31. mars. Þegar er farið að huga að dagskránni og segir Rúnar Óli að þar verði að sjálfsgöðu fastir liðir eins



og Garpamót, Páskaeggjamót, Týrólakvöld, skíðanótt og snjóþíla- og skíðaferð á Flateyri en einnig megi búast við að bryddað verði upp á einhverjum nýjungum.

Rúnar Óli segir að sem fyrr byggist Skíðavíkan á víðtækri þátttöku einstaklinga, stofnana, fyrirtækja og félagsmanna í bænum. Aðeins með breiðari þátttöku sé hægt að töfra fram þá stemmningu sem Skíðavíkan hefur ein-

kennst af og vill skíðavíkunefnd því skora á sem flesta að taka þátt í dagskrárgerð hátíðarinnar.

Þeir sem hafa hugmyndir um uppkomur eða dagskrá og vilja koma inn í dagskrá Skíðavíku eru því beðnir að hafa samband við nefndarmenn eða framkvæmdarstjóra sem fyrst þar sem stefnt er að því að dagskráin verði tilbúin innan tíðar.

Nýtt fiskvinnsluhús rís á Þingeyri

Framkvæmdir ganga vonum fram

Í byrjun janúar hófust framkvæmdir við byggingu nýs fiskvinnsluhúss á Þingeyri. Það er Norðurborg ehf. sem er eigandi hússins en smíðin er í höndum Sigmundar Þórðarsonar húsa-smíðameistara á Þingeyri.

Áætlað er að verkinu verði lokið á vordögum og vonast eigendurnir til að geta aukið framleiðsluna til muna með nýju húsnæði. Norðurborg ehf. var stofnað í apríl á síðasta ári og er aðaleigandi þess Haraldur Haraldsson. Hið nýja hús er 550 fermetra stálgrindarhús á tveimur hæðum.

Norðurborg ehf. sérhæfir

sig í vinnslu og pökkun á fiski sem fluttur er ferskur á markað með flugi. Jóhannes Ingimars-son, verkstjóri hjá Norðurborg ehf. segir mikla eftirvæntingu á meðal starfsfólksins vegna nýja húsnæðisins enda henti núverandi húsnæði ekki rekstrinum og telur hann að afköst og vinnslugeta muni aukast til muna á nýja staðnum.

„Í nýja húsnæðinu geta starfað 15-20 manns og því geri ég ráð fyrir að við munum ráða fleira fólk til starfa í sum- ar. Til þessa hafa starfað hér um tíu manns og því er ljóst að starfsfólki mun fjölga,“ sagði Jóhannes í samtali við

blaðið.

„Við erum nánast búnir með alla steypuvinnu og í dag (miðvikudag) hófust við handa við að reisa útveggi. Verkið hefur gengið vonum fram og mun betur en við þörðum að vona,“ sagði Sigmundur Þórðarson. Hann segir 6-8 manns vinna við verkið og að sjómenn hafi komið til starfa þegar ekki hefur gefið á sjó. Að sögn Sigmundar er komið samþykki fyrir tveimur byggingar- lóðum til viðbótar á Þingeyri og því verði útlitið fyrir iðnaðarmenn á staðnum að teljast nokkuð bjart.

Söfnun til styrktar fjölskyldu Finnboga Arnars

Fer í hjartaaðgerð í London 18. febrúar

Starfsfólk Grunnskóla Bolungarvíkur hefur ákveðið að standa fyrir söfnun til handa Finnboga Ernri Rúnarssyni, þriggja mánaða gömlum dreng úr Bolungarvík sem greinst hefur með Downs heilkenni og hjartagalla. Vegna sjúkdóms síns þarf Finnbogi Örn að gangast undir hjartaaðgerð sem gerð verður á honum í London 18. febrúar nk. Aðgerðin er mjög kostnaðarsöm og því hefur starfs-

fólk Grunnskóla Bolungarvíkur ákveðið að styðja við bakið á foreldrum Finnboga Arnars með því að hrinda af stað söfnun á svæðinu.

Foreldrar Finnboga Arnars eru þau Auður Finnboga- dóttir, dóttir Finnboga Hermannsson, fréttamanns á Svæðisútvarpi Vestfjarða og Hansínu Guðrúnar Garðars- dóttur og Rúnar Arnarsson, sonur Bjargar Kristjáns- dóttur og Arnar Jóhannsson- ar í Bolungarvík. Sett hefur

verið upp heimasíða fyrir Finnboga Örn á netinu þar sem er að finna myndir af honum og mikið af upplýs- ingum um þennan litla en duglega dreng. Slóðin á heimasíðuna er barnaland.is/ barn/3319. Aðstandendur söfnunarinnar hvetja sem flesta til að leggja sitt af mörkum til að auðvelda þessari litlu fjölskyldu lífið. Númer reikningsins er: 1176-05-401931 við Sparisjóð Bolungarvíkur.



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
 Símar: 456 3940 & 456 3244
 Fax: 456 4547 – Netfang: tryggvi@snarpa.is

Einbýlishús / raðhús

Hlíðarvegur 14: 170,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt risi. Húsið er mikið endurnýjað, ekkert áhvílandi. **Tilboð óskast**
Hlíðarvegur 26: 259 m² einbýlishús á tveimur hæðum, á neðri hæð er 70 m² íbúð sem hægt er að leigja út. **Skípti á minni eign möguleg. Tilboð óskast.**

Hlíðarvegur 43: 185,9 m² raðhús á þremur hæðum, ásamt bílskúr. Séríbúð á neðstu hæð. Húsið málað að utan '00 Skípti á minni eign möguleg. **Verð 9,9 m.kr.**

Hlíðarvegur 46: 186 m² endaraðhús á þremur hæðum. Fallegt útsýni. Séríbúð á neðstu hæð. Skípti á minni eign möguleg. **Verð 8,9 m.kr.**

Hrannargata 1: 238,9 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt kjallara, háalofti og ræktuðum garði. **Tilboð óskast**

Hrannargata 8a: 78,1 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt eignarlóð. Húsið er uppgett að hluta. **Verð 4,6 m.kr.**

Lyngholt 10: 151,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 55,2 m² bílskúr. **Verð 12,9 m.kr.**

Mánagata 9: 191,7 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr, kjallara og garði. Húsið er allt að mestu endurnýjað. **Tilboð óskast**

Seljalandsvegur 72: 112 m² einbýlishús á tveimur hæðum, góður sólpallur. **Verð 8,2 m.kr.**

Smíðjugata 11a: 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara, risi og bílgeymslu. Húsið allt nýmálað að utan. Skoðum öll tilboð. **Verð 6,1 m.kr.**

Sunnuholt 6: 231 m² glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Hægt að hafa 80 m² séríbúð á neðri hæð. Skípti á minni eign á Eyrinni koma til greina. **Verð 15,5 m.kr.**

Urðarvegur 27: 190,5 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svolum og sólpalli. Skípti á minni eign mögul. **Verð 13,5 m.kr.**

4-6 herb. íbúðir

Hafnarstræti 4: 176 m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð ásamt rislofti og geymslu í kjallara og 116,8 m² 3ja-4ra herb. íbúð á 2. hæð. Seljast sér eða saman. **Tilboð óskast**

Smíðjugata 7: 96,1 m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. **Tilboð óskast**

Stórholt 11: 122,9 m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð til vinstri í fjölb. húsi ásamt sér geymslu og bílskúr. **Tilboð óskast**

3ja herb. íbúðir

Hlíf II: 65,7 m² íbúð á 4ju hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 5,2 m.kr. **Verð 7,3 m.kr.**

Pólgata 6: 70 m² íbúð á 1. hæð til hægri í fjölbýlishúsi. Áhv. ca. 2,4 m.kr. **Verð 3,7 m.kr.**

Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfloður, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**

Stórholt 11: 80 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. 3,4 m.kr. **Verð**

5,6 m.kr.
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju ásamt sér geymslu. **Verð 4,5 m.kr.**
Sundstræti 34: 93 m² ný íbúð á 2. hæð í nýju fjölbýlishúsi ásamt 31 fm. bílgeymslu. **Verð 9,1 m.kr.**

2ja herb. íbúðir

Aðalstræti 24: 74,6 m² íbúð 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Tilboð óskast**

Aðalstræti 24: 62 m² íbúð á 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Tilboð óskast**

Brunngata 12a: 57,4 m² íbúð í mjög góðu standi á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt sér geymslu og þvottahúsi í kjallara og eignarlóð. **Tilboð óskast**

Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi **Tilboð óskast**

Hlíðarvegur 27: 49,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Áhv. ca. 555 þús.kr. **Tilboð óskast**

Hlíf II, Torfnesi: 50,4 m² íbúð á 3. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 3,7 m.kr. Laus strax. **Verð 6,3 m.kr.**

Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalda bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. **Tilboð óskast**

Sundstræti 22: 68 m² 2ja-3ja herb. íbúð á jarðhæð í fjór-býlishúsi. **Verð 4 m.kr.**

Túngata 3: 80,7 m² íbúð á 2. hæð ásamt rislofti. **Verð 4,5 m.kr.**

Túngata 12: 62 m² íbúð í kjallara í þrívýlishúsi. **Verð 3,9 m.kr.**

Urðarvegur 78: 73 m² íbúð á 3ju hæð f.m. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 2,7 m.kr. **Verð 5 m.kr.**

Verslunarhúsnæði

Hrannargata 2: 164,1 m² verslunarhúsnæði á 1. hæð og kjallara. Húsnæðið er tilvalið fyrir rekstur verslunar og/eða videoleigu. Verslunarinnréttingar geta fylgt með. **Verð 6,3 m.kr.**

Suðureyri

Aðalgata 2: 136 m² 6 herbergja sér íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. **Verð 6,2 m.kr.**

Aðalgata 2: 124,2 m² neðri hæð í tvíbýlishúsi, fyrirverandi pósthús með öllum tilheyrandi innréttingum. **Verð 6 m.kr.**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1



Ólafur Helgi Kjartansson og kona hans, Þórdís Jónsdóttir, gæða sér á veitingum í kveðjusamsætinu sem starfsmenn sýslumannsembættisins héldu þeim. Á myndinni eru einnig Gróa Stefánsdóttir, Sturla Páll Sturluson, Unnur Brá Konráðsdóttir settur sýslumaður, Önnundur Jónsson yfirlögrefluþjónn og Hlynur Snorrason lögreflufulltrúi.

Fráfarandi sýslumaður kvaddur með virktum

Í síðustu viku héldu starfsmenn sýslumannsembættisins á Ísafirði kveðjuhóf til heiðurs þeim Ólafi Helga Kjartanssyni, fráfarandi sýslumanni á Ísafirði, og konu hans, Þórdísi Jónsdóttur. Voru þau hjón kvædd með virktum og óskað velfarnaðar í nýjum heimkynnum. Ólafur Helgi Kjartansson, sem var skipaður sýslumaður á Selfossi frá 1. janúar sl., hefur ásamt fjölskyldu sinni verið búsettur á Ísafirði í tæp átján ár, fyrst sem skattstjóri og síðan sýslumaður. Þakkaði hann góðar kveðjur og hlýhug í sinn garð og fjölskyldunnar og sagði dvölin hér fyrir vestan hafa verið þeim góð. Hann finndi óneitanlega fyrir því að vera nú farinn úr skjóli fjallana á Vestfjörðum á flatlendið



Starfsfólk sýslumannsembættisins og makar fjölmennu í kveðjuhófið.

fyrir sunnan þar sem fjöllin sæjust aðeins í fjarska. Náttúran þar ætti lítið sameiginlegt með vestfirskri náttúru og glíman við hana væri að sama skapi ólík því sem

hér gerðist. Þannig hefði eitt fyrst verk hans í nýja starfinu verið að taka á afleiðingum mikilla vatnsflóða en því hefði hann aldrei lent í hér fyrir vestan, þar væru annars

konar flóð sem menn hefðu áhyggjur af. Þakkaði hann samstarfólki sínu gott samstarf á liðnum árum og sagðist kveðja Ísafjörð með söknuð í hjarta.

Tryggingafélögin gefa Félagi slökkviliðsmanna 300 reykskynjara

Reykskynjararnir verða seldir og settir upp af slökkviliðsmönnum

Á föstudag dag tók Félag slökkviliðsmanna í Ísafjarðarbæ á móti 300 reykskynjarum að gjöf frá tryggingafélögum Sjóvá -Almennum, Tryggingamiðstöðinni og Vátryggingafélagi Íslands. Með gjöfinni vilja tryggingafélögin vekja athygli á eldvörnum, ekki síst í ljósi þeirra hörmulegu at-

burða er urðu á Þingeyri fyrir stuttu.

Félag slökkviliðsmanna mun á næstu dögum ganga í hús á norðanverðum Vestfjörðum og bjóða reykskynjarana á kr. 1.000. auk þess sem þeir munu aðstoða fólk við að setja þá upp. Þá munu þeir einnig aðstoða fólk sem á reykskynjara sem legið hafa

í skúffu, við að setja þá á rétta staði. Allur ágóði af sölunni mun renna til Antons Lína Hreiðarssonar, litla drengsins á Þingeyri sem missti fjölskyldu sína í eldsvoða í janúar.

Þá munu slökkviliðsmennirnir leiðbeina fólki varðandi eldvarnir og taka út flóttaleiðir. Gísli Úlfarsson, formaður félagsins, segir félagsmenn

munu skipta verkefnum bróðururlega á milli sín og skiljanlega muni taka þá talsverðan tíma að ganga í húsin. Þeir hyggjast byrja á Ísafirði og munu þeir síðan fá kollega sína í hinum byggðalögum Ísafjarðarbæjar til að sinna verkefninu þar. Hvetur Gísli íbúa bæjarins til þess að taka vel á móti félagsmönnum.

Tvennir tvíburar í heiminn 02.02.02

Það þykir jafnan í frásögu færandi þegar barn kemur í heiminn og enn frekar ef tvö koma í sama holli. Sum börn fæðast líka á dögum sem þykja sérstakir fyrir einhverja hluta sakir og nú síðast var þess getið að börn sem fæddust 2. febrúar sl. hefðu merkilegan fæðingardag, þ.e. 02.02.02. Segja má að þau Birna Lárusdóttir, formaður bæjarráðs Ísa-

fjarðarbæjar, og Hallgrímur Kjartansson, yfirlæknir heilsugæslu Heilbrigðisstofnunarinnar í Ísafjarðarbæ, hafi þarna slegið tvær flugur í einu höggi því þau eignuðust tvíburu þennan merkisdag. Þetta eru tveir drengir sem fæddust á Fæðingardeild Landspítalans í Reykjavík að morgni laugardagsins 2. febrúar og vógu þeir tæpar fimmtán merkur hvor. Fyrir eiga þau

Hallgrímur og Birna dótturina Heklu sem er þriggja ára.

Síðdegis þennan sama dag fæddust aðrir tvíburar á fæðingardeildinni, tvær litlar stúlkur sem vógu tíu og ellefu merkur. Foreldrar þeirra eru Bergþóra Eiðsdóttir og Páll Elíasson sem búsett eru í Reykjavík en þau eiga fyrir tvo drengi, Heiðar Má sem er níu ára og Vigni Frey sex ára. Ekki er vitað til þess að aðrir



Myndin er tekin á Kvennadeild Landspítalans og eru tvíburarnir fimm daga gamlir þegar hún var tekin.

tvíburar hafi fæðst á landinu komið tvennir tveir annan þennan sögulega dag og má dag annars mánaðar annars því segja að í heiminn hafi ársins á öðru árpúsindi.

Jónas Guðmundsson sýslumaður vill að hámarks hraði um Hnífsdal verði hækkaður

Miklar umræður á netspjalli bb.is

Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bolungarvík og forsvarsmáður Vegar, vill að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar beiti sér fyrir því að leiðin á milli Hnífsdals og Ísafjarðar verði þannig úr garði gerð að óhætt sé að aka hana á þeim hraða sem almennt er.

Segir Jónas að mikill samgangur og talsverð umferð ökutækja sé milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar og því sé

æskilegt að leiðin þar á milli sé sem allra greiðfærust. Segir Jónas oft fara þarna um og telur það óþarfa hindrun að ekki skuli heimilað að aka um Hnífsdal nema á 35 km/klst hraða á tæplega kílómetra löngum kafla. Helgast þetta viðhorf hans m.a. af því að góð vegsýn er alla leiðina og ekki eru nema örfá hús sem standa nærri veginum auk þess sem ökutækjum er ekki

heimilt að leggja meðfram honum. Til að aftra börnum frá að fara út á eða yfir veginn frá þeim fáu húsum sem standa nærri honum, segir Jónas að án mikils kostnaðar mætti setja upp girðingu eða einhvers konar handrið meðfram þeim hluta hans.

Bendir hann einnig á að merki um að þéttbýli sé lokið Óshlíðarmegin í Hnífsdal sé allt of langt frá byggðinni til

að með góðu móti sé hægt að atlast til að ökumenn haldi sig á fyrirskipuðum 35 km/klst hraða alla leiðina að því. Þá vekur hann athygli á því að í skýrslu Vegagerðarinnar frá síðasta ári um lagfæringu slysastaða á Vestfjörðum, komi fram að lækkun ökuhraða í gegnum Hnífsdal niður í 35 km/klst geti orkað tvímælis.

Hefur Jónas nokkuð fjallað um þetta mál á heimasíðunni vegur.is og segir þar að þótt þarna sé e.t.v. ekki um ýkja langan kafla að ræða þá tefji þetta nokkuð akstur milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Ekki verði séð að margt mæli gegn því að heimila 50 km/klst hraða á þessari leið en það tefji akstur á 800 metrum um nálægt hálfu mínútu að aka með 35 km/klst hraða í

stað 50 km/klst hraða. Jónas segir að þótt hálf mínúta sé e.t.v. ekki langur tími þá skaprauni það vegfarendum að þurfa að sæta reglum sem þessum þegar ekki séu sýnileg rök fyrir þeim. Slíkt komi niður á einbeitingu og jákvæðu hugarfari ökumanna.

Leggur Jónas til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að þær nefndir Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar, sem hafa umferðarmál á sinni könnu, fundi sameiginlega með það í huga að marka stefnu til framtíðar um þær ráðstafanir sem æskilegar eru til að tryggingar greiðri og öruggari umferð milli byggðarlaganna. Hefur bæjarráð vísað erindi Jónasar til umhverfisnefndar og óskað eftir umsögn hennar.

Vegagerðarmenn skoða öryggismál á Gemlufallsheiði

Í athugun að setja upp vegrið á svæðinu

Eftir hið hörmulega banaslys sem varð á Gemlufallsheiði föstudaginn 1. mars sl., hefur athygli manna í auknu mæli beinst að aðstæðum á svæðinu og hugarlegum úrbótum til að koma í veg fyrir að slíkt slys endurtaki sig. Hefur í því sambandi verið bent á að vegrið geti orðið gagnlegt til að tryggja öryggi vegfarenda, en umrætt svæði á Gemlufallsheiði er þekkt fyrir

snarpar vindhviður og þar hafa bílar áður fokið út af veginum og slys orðið á fólki. Geir Sigurðsson, verkefnisstjóri hjá Vegagerðinni á Ísafirði segir að málið sé í skoðun.

Aðspurður um hvort á dagskrá sé að setja upp vegrið við veginn yfir Gemlufallsheiði segir Geir að málið sé í gaumgæfilegri athugun hjá Vegagerðinni. „Mér finnst mjög

líklegt að það verði gripið til einhverra aðgerða á þessum stað en ég get ekki sagt nákvæmlega hvað verður gert. Við erum að athuga málið og vegrið er einn af þeim hlutum sem við munum skoða mjög gaumgæfilega.“ Geir segir að Vegagerðin hafi um nokkurn tíma verið að skoða öryggismál á veginum, en búast megi við að meiri áhersla verði lögð á málið í banaslyssins.



Frá afhendingu gjafarinnar. Frá vinstri: Jón Ólafur Sigurðsson slökkviliðsmaður, Torfi Einarsson frá Sjóvá-Almennum, Viðar Örn Sveinhjörnsson frá Tryggingamiðstöðinni, Guðni Ó. Guðnason frá Vátryggingafélagi Íslands og Páll Hólm slökkviliðsmaður.

smáar

Til leigu er 90m² einbýlishús á eyrinni á Ísafirði. Leiga kr. 36 þús. á mán. Uppl. í síma 840 4006.

Til sölu er Skoda Favorite árg. 1995 með lokuðum kassa, ekinn 60 þús. km. Uppl. í síma 892 4844.

Til sölu er 3ja herb. íbúð að Engjavegi 17 á Ísafirði. Íbúðin er í góðu ástandi. Tilboð óskast. Uppl. í síma 867 0397 eða 848 3522.

Til leigu er einstaklingsíbúð með sér inngangi. Lág húsaleiga. Uppl. í síma 867 5161 eftir kl. 15 á daginn.

Til sölu er sjálfskiptur, 4x4, Subaru station 2,0, árg. 94, ekinn 85 þús. km. Mjög fállegur og vel með farinn bíll. Uppl. í síma 456 3391 eða 892 1407.

Til leiguer íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Um er að ræða skammtímaleigu. Á sama stað er einnig hægt að fá leigt herbergi til sex mánaða. Upplýsingar í síma 865 9637.

Til sölu er Toyota Starlett árg. 1993. Upplýsingar í síma 456 7123.

Til sölu er 16 rása mixer á góðu verði. Uppl. í síma 456 8306 og 867 2764.

Frábær 200W hátalari með fjórum 15" keilum fæst á góðu verði. Uppl. í síma 456 8306 og 867 2764.

Kona á besta aldri óskar eftir vinnu eftir hádegi eða aukavinnu. Margt kemur til greina. Upplýsingar í síma 847 3380.

Óska eftir að kaupa Hansa hillur. Á sama stað óskast skíðaklossar nr. 34-35 og svígskiði, stærð ca 120-130 cm. Uppl. gefur Örn í síma 456 3460 og 865 6380.

Til sölu er ljósalampi, einn bekkur. Tilboð óskast eftir skoðun. Á sama stað eru til sölu tveir svefnbekkir fyrir ungt fólk. Gott verð. Upplýsingar í síma 456 3397.

Árgangur '68. Hittumst í Sjallanum á morgun, fimmtudag, kl. 20:00 vegna 20 ára ferminngarafmælis í vor.

Lögreglan

Óskilamunir safnast upp

Mikið af óskilamunum hefur safnast á lögreglustöðinni á Ísafirði síðustu mánuði. Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn, segir að meðal þess sem lögreglan hafi í fórum sínum nú séu hlaupahjól, hjólabretti, stór svört taska, mikið af lykllum og forláta giftingahringur með áletrauninni „Þín Guðlaug“ sem víst er að einhver saknar sárt.

Önundur hvetur fólk til þess að leita til lögreglunnar sakni það einhvers því líkur séu á því að viðkomandi hlutum hafi þegar verið skilað til hennar.

„Einnig vil ég minna verslunareigendur og aðra sem kunna að finna lykla á vergangi að skila þeim strax inn til lögreglunnar. Reynslan sýnir að það gefur sig jafnan best, því fólk veit ekki endilega hvar það týndi lykllum sínum“ segir Önundur.



ATVINNUPRÓUNARFÉLAG VESTFJARÐA

Kynningarfundur

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða boðar til kynningarfundar um Eignarhaldsfélag Vestfjarða á Hótel Ísafirði, fimmtudaginn 14. febrúar nk. kl. 20:00.

Markmið fundarins er að kynna stöðu félagsins og mikilvægi héraðsbundinna fjárfestingarsjóða í nýsköpun atvinnulífs.

Fundurinn er öllum opin.



Þökkum auðsýnda vináttu og hlýhug við andlát og útför

Eggerts Karvels Haraldssonar

sem fram fór frá Hólskirkju í Bolungarvík sunnudaginn 3. febrúar sl.

Fyrir hönd fjölskyldu minnar og annarra ástvina Valborg Guðmundsdóttir

Forréttindi að fá að alast upp á Ísafirði

– segir Guðfinnur Rósinkranz Kjartansson gjaldkeri Ísfirðingafélagsins í Reykjavík

Ísfirðingafélagið í Reykjavík hefur verið starfrækt í rúm 57 ár. Helsti hvatamaður að stofnun þess var Jón Leós en hann starfaði í félaginu í 34 ár sem stjórnarmaður og formaður félagsins. Í upphafi var eina hlutverk félagsins að bjóða brottfluttum Ísfirðingum upp á sólarkaffi seint í janúar ár hvert og nú fyrir skömmu var það gert í 57. skiptið. Sólarkaffi félagsins hafa oftast verið vel sótt og síðasta áratuginn þurfti nær alltaf að hýsa það á Hótel Íslandi, stærsta skemmtistað landsins. Félagsmenn hafa verið ótalmargir, enda eru það gömul sannindi að flestir Vestfirðingar eru brottfluttir Vestfirðingar. Hefur í því sambandi verið bent á þá ályktun ýmissa gárunga að um tíma hafi félagsmenn verið fleiri en íbúar Ísafjarðar. Guðfinnur Rósinkranz Kjartansson, gjaldkeri félagsins og ein helsta fróðleiksnáman um sögu þess, segir það þó af og frá.



„Í kringum 1990 voru 1.200-1.400 meðlimir skráðir í félagið og hef ég nokkuð góðar heimildir fyrir því að aldrei hafi þeir verið fleiri. Þar sem íbúar Ísafjarðar hafa verið um 3.000 alla þessa öld er nokkuð ljóst að því fer fjarríki að fleiri hafi verið í félaginu en búsettir á Ísafirði. Þó höfum við átt nokkuð miklu láni að fagna með fjölda meðlima síðustu 10-15 árin.“

Bifreiðaveitingastofur

Guðfinnur segist vera Ísfirðingur í húð og hár, þótt hann hafi mest alla ævi búið í Reykjavík. „Ég er sonur Kjartans R. Guðmundssonar „Beykis“ sem svo var kallaður. Ættir mínar liggja meðal annars til Bolungarvíkur, Öndarfjarðar og Strandasýslu, en ég ólst upp í Beykishúsi, það er að segja að Mánagötu 2 á Ísafirði. Þess má geta að ég er fæddur rúmum mánuði áður en Jón Leós og fleiri stofnuðu Ísfirðingafélagið í Reykjavík.“

Fyrstu tuttugu ár ævi minnar bjó ég á Ísafirði. Þar lærði ég ljósmyndun hjá Jóni Aðalbirni og vann meðal annars í heildverslun bróður míns. Áhugi minn lá í þann geira, þ.e.a.s verslun og viðskipti, sem ég sá ekki fram á að geta starfað við á Ísafirði. Flutti ég því suður til Reykjavíkur tvítugur að aldri.“ Þegar Guðfinnur var kom-

inn suður fór hann að vinna sem sölumaður hjá lakkrisgerðinni Kólus. „Fyrir um þrjátíu árum fór ég svo að reka Nesti hf., sem var í eigu fjölskyldu konu minnar. Fyrirtækið rak fjórar „bifreiðaveitingastofur“ eins og ég vildi kalla þær, þótt flestir kölluðu þær bara sjoppur. Þar að auki héldum við úti brauðstofu og tveimur bensinstöðvum. Nesti var svo selt fyrir um fimm árum og hef ég síðan þá séð um bókhald og umsýslu sumra þeirra eigna sem keyptar voru fyrir andvirðið.“

Félagið endurskipulagt

Guðfinnur er eins og skilja má, afskaplega hagsýnn í hugsun. Þegar hann hóf að taka þátt í starfi Ísfirðingafélagsins snemma á nýunda áratugnum leist honum ekki nema máturega á hvernig haldið var á spöðunum. „Þegar ég fór fyrst að hafa afskipti af félaginu var eini tilgangur þess að halda sólarkaffi. Félagið hafði engan fjárfestofn og voru stjórnarmenn þess vegna alltaf fullir kvíða þegar komið var fram í janúar. Engin leið var að vita hversu margir myndu sækja kaffið og hvort, og þá hversu mikið tap yrði á þessu. Það þurfti ekki meira til en vont veður í einn dag til að mætingin yrði dræm og þótt að tekjurnar minnkuðu gerðu útgjöldin það ekki. Fyrir

kom að stjórnarmenn þurftu að reiða fram fé úr eigin vasa til að borga ballið.

Þetta var náttúrulega með öllu óhæft og ég gerði það að mínu fyrsta verki þegar ég var kominn í stjórn árið 1988, að setja saman félagaskrá svo hægt væri að rukka árgjöld. Ég setti nöfn um fimmtíu brottfluttra Ísfirðinga á blað og bað þá alla um að gera lista yfir þá sem þeir þekktu að vestan. Þannig fékk ég hátt í fimmtán hundruð nöfn og gat farið að senda út giróseðla.“

– Þarna hefur þú notað svipaða aðferð við félagasmönlun og Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið vándur um að nota?

„Það veit ég ekkert um, en ég held að þetta hafi verið fyrirtaks aðferð til að safna félagsmönnum. Um 700 einstaklingar svöruðu kalli, greiddu árgjald og töldust frá þeirri stundu virkir félagsmenn. Síðan þá hefur félagatalan farið upp og niður eins og gengur og gerist, en nú eru í félaginu um sjö hundruð manns.“

Hvata þarf svo menn borgi

„Við vissum alltaf að það var ekki nóg að senda út giróseðla árlega og ætlast til að menn borguðu þá mögðunarlaust án þess að fá nokkuð í staðinn. Það þurfti að hafa einhvern hvata og þannig varð Vestanpósturinn, tímarit Ís-

firðingafélagsins í Reykjavík, til. Blaðið kom fyrst út í janúar 1989 og hefur gert það árlega, og stundum oftar. Vestanpóstinum hefur verið dreift frítt til allra félagsmanna og vil ég meina að blaðið sé það sem heldur félagaskránni saman.

Þótt Vestanpósturinn hafi vissulega hvatt menn til að vera í félaginu, fannst okkur að menn ættu að græða meira á því að vera í því. Um svipað leyti og blaðinu var ýtt úr vör var þess vegna farið að leita að heppilegu orlofshúsi á Ísafirði. Hugmyndin var sú að meðlimir gætu fengið húsið leigt gegn vægi gjaldi í viku í senn svo þeir myndu eiga hægara með að heimsækja heimahagana. Að auki myndi þetta auka ferðamannastraum til Ísafjarðar, að litlu leyti að vísu, en þetta yrði þó dropi í rétta átt.

Ég var alltaf mjög spenntur fyrir því að kaupa mitt æskuheimili í Mánagötunni. Húsið var þá í mikilli niðurníðslu og vildi ég að Ísfirðingafélagið keypti það og gerði upp. Fljótlega áður en ákvörðun um kaupin var tekin varð einhver Ísfirðingur á undan okkur að kaupa húsið. Sá gerði það myndarlega upp og var ég að sjálfsögðu hæstánægður með það og vissi að við myndum áreiðanlega finna eitthvað annað í staðinn.“

Mosinn gerir enn vart við sig

Það var úr að Guðfinnur og félagar hans fundu annað húsið og ekki síðra. „Að lokum keyptum við Sóltún, þar sem Guðmundur frá Mosdal átti heima. Þegar hann lést upp úr miðri síðustu öld, gaf hann húsið með því skilyrði að það yrði notað sem safnhús. Því miður hentaði húsið illa fyrir þess konar starfsemi og var það því selt og bjuggu í því margar fjölskyldur áður en að við keyptum það fyrir um tólf árum.

Við vorum varaðir við þegar kaupa átti húsið. Svo vildi nefnilega til að öll þau hjón sem höfðu búið í húsinu skildu og var sagt að Mosinn, eins og við kölluðum Guðmund frá Mosdal, væri langt í frá ánægður með að húsið væri ekki notað undir safn og væri að reyna að koma fólki út úr húsinu. Ég held samt að hann sé hæstánægður með þá notkun sem er á húsinu núna, því þarna safnast gamlir Ísfirðingar og má segja að Sóltún séu orðin að safnhúsi eins og Mosinn vildi. Þó að hann sé nú hættur að eyðileggja hjónabönd, segjast nokkrir gestir Sóltúna hafa orðið varir við hann.“

Skólastyrkir til Ísafjarðar

Félagið hefur meiri umsvif á Ísafirði. „Við höfum í áratug veitt skólastyrki til Ísafjarðar. Það var ákveðið árið 1992 að

heiðra minningu þriggja einstaklinga, þeirra Hannibals Valdimarssonar fyrrum skólalæra Grunnskólans á Ísafirði, Jóns Leós sem var helsti hvatamaður að stofnun Ísfirðingafélagsins, og Birnu Eyjólfsdóttur sem var með okkur í stjórn og lést langt um aldur fram 26. ágúst 1990, aðeins 43 ára. Ákveðið var að styrkja Menntaskólann, Grunnskólann og Tónlistarskólann. Það hefur nú verið gert árlega í tíu ár, en þar að auki var ákveðið að heiðra minningu Högna Torfasonar sem dó um svipað leyti og styrkveitingarnar hófust. Það var gert með styrkveitingu til sambýlisins Bræðratungu.

Skólastyrkirmir árlegu eru ekki endilega bundnir við námsárangur. Skólarnir ráða því sjálfir hverjir fá styrkina og hafa nemendur verið verðlaunaðir fyrir lofsverða ástundun, framfarir í námi og þátttöku í félagslífi svo fátt eitt sé nefnt.“

Sinn er síður í hverjum landshluta

Ljóst þykir að umsvif Ísfirðingafélagsins í Reykjavík hafa aukist mjög á þeim tíma sem Guðfinnur hefur verið í stjórn. Áður fyrr var það yfirlýst stefna félagsins að gera ekkert nema bjóða brottfluttum Ísfirðingum upp á kaffi í janúar. Slíkt er að sjálfsögðu ennþá gert. En þykir þeim Reykvíkingum sem þjóna til

borðs á Sólarkaffinu ekkert undarlegt að verið sé að fagna upprisu sólar þegar hún hefur verið á himni allan veturinn?

„Nei, alls ekki. Þetta er bara okkar siður og við ríghöldum í hann. Sinn er siður í hverjum landshluta og hafa þeir sem flytja til Reykjavíkur yfirleitt tekið ýmsar venjur með sér. Ég vil meina að í Reykjavík sé bara samansafn manna alls staðar að af landinu og þeir séu ekki svo margir sem rekja ættir sínar eingöngu til Reykjavíkur. Mér sýnist að allflestir rekir ættir sínar út á landsbyggðina. Þess vegna kannast allir við siði af þessu tagi og engir kippir sér upp við þetta.“

Þrjár hátíðar á ári

Auk þess að fagna sólrísi, kveðja nú brottfluttir Ísafirðingar sólu að hausti. „Sá siður komst á fyrir nokkrum árum. Við höfum farið til Hveragerðis og haldið þessa hátíð þar, en Bragi Einarsson eigandi Edens er einmitt gamall Ísafirðingur. Auk sólrísi- og sólkveðjuhátíðarhalda er nú komin sú venja að hafa kirkjuhátíð að vori. Þá er yfirleitt fenginn prestur, ættaður að vestan, til að messa og hafa þessar guðsþjónustur yfirleitt verið mjög vel sóttar.

Reyndar hefur á móti dregið nokkuð úr mætingu á Sólarkaffið, og vil ég meina að það sé vegna hinna hátíðanna tveggja. Sumum finnst eflaust nóg að hittast einu sinni á ári og hafa menn því skipt sér nokkuð niður á hátíðar, þó vissulega séu margir sem mæti á þær allar.“

Forsetinn vann gistingu í Sóltúnum

Auk þess að hafa tekjur af árgjöldum, hefur Ísafirðingafélagið gefið út jólakort á hverju ári og eru þeir peningar sem koma inn fyrir sölu þeirra, notaðir til endurbóta á Sóltúnum. Greiddir giróseðlar fyrir jólakortin gilda líka sem happdrættismiðar og er handhöfum þriggja greiddra giróseðla boðið ásamt gesti á Sólarkaffið. „Síðan eru á hverju Sólarkaffi dregnir þrjár giróseðlar úr greiddum seðlum, og fá menn þá flugfar fyrir tvo til Ísafjarðar og fría gistingu í Sóltúnum í eina viku. Svo skemmtilega vildi til á nýafstöðnu Sólarkaffi að nafn forseta Íslands, hr. Ólafs Ragnars Grímssonar, var dregið úr pottinum.

Ég er að vona að forsetinn geti tekið sér vikufrí og tekið kærustuna með sér í heima-hagana. Þar getur hann gengið með henni á fjöll, enda er hann gönguhrólfur mikill.“

Allt helgast þetta af atvinnumöguleikum

Nú finnst mörgum kjánalegt að halda úti átthagafélögum þegar átthagarnir eru ekki farnir í eyði. Fyrir nokkru var ritað á netspjalli bb.is að það væri undarlegt þegar menn standa uppi á Sólarkaffi Ísafirðingafélagsins í Reykjavík og tala um hversu mikil forréttindi það hafi verið að alast upp á Ísafirði þegar sömu menn eru ekki tilbúnir að veita sínum börnum sömu forréttindi.

„Sjálfum finnst mér það hafa verið mikil forréttindi að fá að alast upp á Ísafirði, þó segja megi að ég hafi ekki getað veitt mínum börnum þessi forréttindi. Málið er náttúrulega að þetta helgast allt af atvinnumöguleikum.

Mér fannst miklu persónulegra að búa á Ísafirði. Þar þekkti ég alla en í Reykjavík þekkir maður ekki fólk sem býr í sömu götu. En eins og ég sagði, þá sá ég ekki fram á að geta fengið vinnu við mitt hæfi á Ísafirði og þess vegna varð aldrei neitt úr því að ég færi aftur vestur. Svo giftist ég Reykvíkingi og þá varð varla aftur snúið.“

Afahlutverkið heldur Guðfinni í Reykjavík

– En nú er farið að hægjast um hjá þér í vinnunni. Manni sýnist að þú gætir allt eins sinnt bókhaldinu og eignaum-sýslunni frá Ísafirði. Hefurðu hugleitt að flytja aftur vestur og verða þar gamall maður?

„Það er satt að það sem ég er að gera í dag gæti ég allt eins gert á Ísafirði. En hitt kemur á móti að nú á ég börn og barnabörn sem öll eru í Reykjavík. Þegar maður er kominn á þennan aldur, hefur maður afskaplega gaman af barnabörnunum, jafnvel meira en maður hafði af sínum eigin börnum á sínum tíma, því þá mátti maður varla vera að því að umgangast þau. Ég nýt þess mjög að vera afi og gæti illa hugsað til þess að vera fjarri fjölskyldunni og það er kannski eina ástæðan fyrir því að ég er ekki á leiðinni aftur til Ísafjarðar.“

– Hálfdán Bjarki.



Sléttuhreppingar blóta þorra

Fertugasta og níunda þorrablót Áttahagafélags Sléttuhrepps var haldið í Félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardagskvöld. Blótið heppnaðist vel en hátt í 200 manns mættu til blótsins. Að venju var boðið upp á fjölmörg skemmtatriði, hvert öðru betra. Þegar menn höfðu matast var stiginn dans fram eftir nóttu við undirleik þeirra Þórunnar Snorradóttur og Jóns Hallfreð Engilbertssonar. Ljósmyndari blaðsins leit inn á þorrablótíð og tók þar meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir munu birtast í svipmyndum á bb.is þegar líður á vikuna.



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaðgur, afa, langafa og langalangafa

Ásgeirs Ólasonar

Hlíf 1, Ísafirði

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði og starfsfólki Rauðakross hótels Reykjavíkur fyrir góða umönnun

Torfhildur Gunnlaug Jóhannesdóttir
Guðrún Halldóra Ásgeirsdóttir
Guðmunda Kristín Ásgeirsdóttir
Sigrún Guðbjörg Ásgeirsdóttir
Ásgeir Jónsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn

Sigurður Á. Þorleifsson
Hafsteinn Oddsson
Gunnlaug E. Guðjónsdóttir



Forstöðumaður Matra á Ísafirði hættur störfum

Rekstrargrundvöllurinn treystur áður en auglýst verður eftir starfsmanni

Starfsemi útibús Matra á Ísafirði hefur legið niðri frá síðustu mánaðamótum en þá lét eini starfsmaður útibúsins, Guðrún Anna Finnboadóttir af störfum. Hefur hún ráðið sig sem framleiðslustjóra hjá Sindrabergi ehf. og tekur þar við af Gunnari Þórðarsyni sem hefur sagt upp störfum hjá fyrirtækinu. Fyrr í vetur var

ráðgert að leggja útibúið Matra á Ísafirði niður sökum erfiðleika í rekstri. Mikillar óánægju gætti meðal vestfirskra fyrirtækja vegna þeirrar ráðagerðar og í framhaldi af því ákvað iðnaðarráðherra að veita fé til tímabundins reksturs Matra á Ísafirði.

Hallgrímur Jónasson, forstjóri Iðntæknistofnunar, segir að þeir vilji treysta rekstrar-

grundvöllinn betur áður en auglýst verður eftir starfsmanni, því mun starfsemi Matra á Ísafirði liggja niðri þar til iðnaðarráðherra hefur afgreitt beiðni Iðntæknistofnunar um fast framlag til reksturs stofnunarinnar. Í beiðninni sem send var í janúar óskar Iðntæknistofnun eftir föstu framlagi sem nemur helmingi rekstrarkostnaðar Matra á

Ísafirði á ári, eða um 2,5-3 milljónir. „Við þurfum ákveðið grunnframlag vegna þess að Matra á Ísafirði getur aldrei staðið undir sér á þessum grundvelli. Við fengum fé til þess að framkvæma þessa tilraun og við lítum svo á að hún hafi tekist og sýnt hafi verið ótvírætt fram á þörfina“ segir Hallgrímur Jónasson.

Ekki stakt orð mælt á Stútungi í ár

Stútungur, árlegt þorablót Önfirðinga var haldið með pompi og prakt í íþróttahúsinu á Flateyri um helgina. Á annað hundrað manns voru þar samankomin til þess að gæða sér á ljúfum þorramat, hlýða á vönduð skemmtiatriði og dansa fram á nótt við undirleik þeirra Margrétar og Baldurs. Að þessu sinni flutti Stútungsnefndin revíu samda af þeim Jóni Svanberg Hjartarsyni og Steinþóri Kristjánsyni og er álit manna að sjaldan hafi jafn vel tekist til (eins og reyndar er sagt ár hvert). Segja sumir að gestir hafi verið svo innblásnir af revíu þeirra félaga að ekki hafi stakt orð verið talað á Stútungi þetta árið, öll mannleg samskipti hafi farið fram með söng. Dansinn dundi svo í íþróttahúsinu á Flateyri allt til klukkan 03 um nóttina, þá mun fólk hafa haldið beina leið heim í rúmið enn með söng í hjarta. Ljósmyndari blaðsins kom við á þorablótinu og tók þar meðfylgjandi myndir.

Færist nú fjör í leikinn!

Fyrir tveimur vikum var ályktað á þessum vettvangi að gróskusamt verði er kemur að framboðsmálum í Ísafjarðarbæ. Þá var spáð hvorki fleiri né færri en sex framboðslistum. Það virðist ætla að ganga eftir. Frjálslyndir hafa gefið út að þeir bjóði fram með Magnús Reyni Guðmundsson í efsta sæti. Vinstri grænir ætla að bjóða fram einnig og forystukona þeirra, Lilja Rafney Magnúsdóttir, kannast ekki við yfirlýsingu Halldórs Hermannssonar um að Vg verði í einni sæng með Frjálslyndum. Það gæti hins vegar orðið skondið og haft þann kost að fækka framboðum um eitt. Halldór Jónsson fer fyrir óháðum. Að óbreyttu býður Samfylkingin fram ein og sér og væntanlega í einu lagi, þótt óvitað sé hver áhrif vinstri grænna verði.

Þá eru eftir Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur sem bjóða fram með venjubundnum hætti, ef marka má yfirlýsingar forystumanna þeirra. Hversu mikil áhrif það kann að hafa á framboð framsóknar- og sjálfstæðismanna, ríkisstjórnar- og um leið meirihlutflokkana í Ísafjarðarbæ, að Magnús reynir nú með frjálslyndum og Halldór Jónsson, sem oft hefur verið í liði sjálfstæðismanna, er nú að hverfa á nýjan vettvang, er ekki vitað. Við aðstæður eins og nú ríkja í Ísafjarðarbæ, og reyndar á Vestfjörðum öllum, þar sem íbúum og kjósendum fækkar hægt og bitandi liggur ljóst fyrir að æ færri atkvæði verða til skiptanna. Um leið verður ástand okkar sem eftir sitjum alvarlegra þó ekki væri fyrir annað en að minna hreyrist í kórnum eftir því sem röddunum fækkar og þær syngja ekki í samhljómi.

Stakkur skrifar

Það er óneitanlega skondið að hugsa til þess að Magnús Reynir sé nú að reyna einn flokkinn enn. Hann hefur lengst af verið í Framsóknarflokknum, en einnig reynt aðra flokka, krata og íhald. Þó má hugsa sér miðað við úrslit alþingiskosninga fyrir þremur árum að Frjálslyndir eigi möguleika á einum fulltrúa í bæjarstjórn. Fari svo að Vinstri grænir nái samsvarandi fylgi og Alþýðubandalagið hafði áður ná þeir einnig einum. Framsókn fær alltaf einn að sögn Sigga Sveins frá Góu-stöðum. Ætla verður að óháðir og Halldór geri sér vonir um einn. Þá eru fimm bæjarfulltrúar eftir sem skiptast milli Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks. Ætla verður að hinn síðarnefndi fái að minnsta kosti þrjá fulltrúa og eru þá tveir eftir í hlut fyrrnefnda framboðsins. Allt getur þó riðlast.

Þessi skipting, einn fulltrúi til hvers hinna fjögurra nýju framboða og þrjár til annars og tveir til hins af þeim sem buðu fram síðast, sýnir að meirihluti í bæjarstjórn verður ekki myndaður með góðu móti nema með Samfylkingu og Sjálfstæðisflokki, sem yrði fréttæm nýlunda. Ella þarf að minnsta kosti þrjá lista til og jafnvel fjóra svo einfaldur meirihluti náist í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Minnihluti yrði þá skipaður tveimur til fjórum framboðslistum aftir atvikum, hugsanlega öllum nýju framboðunum. Ef einhvern tíma hefur verið ástæða til að stilla saman strengina er það nú. „Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér“ sagði Jón Sigurðsson forseti. Það á enn við á Vestfjörðum.

Netspurningin

Spurt var:

Hvert ætlar þú að ferðast í sumar?

Alls svöruðu 452.

Innanlands sögðu

249 eða 55,09%

Til Evrópu sögðu

66 eða 14,60%

Til sólarlanda sögðu

44 eða 9,73%

Eitthvað annað sögðu

17 eða 3,76%

Veit ekki sögðu 76 eða 16,81%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Súgfirðingum tókst að blóta þorrann í annarri tilraun

Súgfirðingar blótuðu þorrann sl. laugardagskvöld í félagsheimili sínu á Suðureyri og var það viku seinna en upphaflega var ætlað þar sem fresta þurfti blóttinu helgina áður vegna veðurs. Það var engu að síður vel sótt og um 130 manns sátu við langborðin og átu úr trogum þar til ekkert var eftir nema afétnir sviðahausar og mylsnur af rúgkökum. Þá var salurinn rýmdur, langborðin tekin í

burtu og stólunum raða upp fyrir framan sviðið því komið var að skemmtiatriðunum sem allir höfðu beðið eftir með mikilli eftirvæntingu en þau voru að þessu sinni í höndum súgfirskra kvenna. Í Súgandafirði hafa menn nefnilega þann háttinn á að karlar og konur sjá um blóttið til skiptis og heitir það góublót í höndum karlanna og þorrablót hjá konunum. Þóttu karlarnir standa

sig með eindæmum vel í fyrra, langbesta blóttið í manna minnum sögðu sumir, og auðvitað máttu konurnar til með að sýna að þær gætu gert jafnvel og betur ef eitthvað væri. Ekki skal dæmt um hvor hafði betur í þessari keppni en víst er að skemmtiatriðin slógu rækilega í gegn hjá heimamönnum. Á gamansaman hátt voru rifjaðir upp ýmsir eftirminnilegir atburðir sem gerst hafa í Súgandafirði frá

síðasta blóti og þeir voru fáir Súgfirðingarnir sem ekki voru teknir fyrir, annað hvort í leiknum atriðum eða sungnum. Að skemmtiatriðunum loknum var dansað fram á rauðanótt við undirleik Hjónabandsins og almennt er talið að karlarnir eigi eftir að lenda í mesta basli með að toppa þetta þorrablót enda ku fólk hafa skrölt út úr félagsheimilinu undir morgun sverjandi að þetta hafi verið besta þorrablótið frá upphafi. Fleiri myndir frá þorrablóti Súgfirðinga sem Sturla Páll Sturluson tók, verður að finna á ljósmyndavef bb.is.



Vel heppnuð árshátíð Menntaskólans á Ísafirði

Árshátíð Menntaskólans á Ísafirði var haldin sl. föstudagskvöld og komu nemendur og kennarar að þessu sinni saman í sal Frímúrarareglunnar, snæddu saman ljúffengan mat sem SKG-veitingar sáu um og horfðu á skemmtiatriði. Leikkonan Helga Braga Jónsdóttir, sem átti að vera veislustjóri á fagnaðinum, varð veðurteppt í Reykjavík þannig að formaður Nemendafélagsins, Sesselja Guðjónsdóttir, tók að sér veislustjórnina. Ólína Þorvarðardóttir skóla-meistari kom nemendum á óvart þegar hún, ásamt eiginmanni sínum Sigurði Péturssyni, röppuðu skólasöng MÍ frá árunum 1970-1980 eða frá þeim tíma þegar þau voru nemendur skólans. Þá sýndu nemendur sýndu hvernig jörðin varð til í leikrænu formi og kennarahjónin Ingibjörg Ingadóttir og Hermann Níelsson stigu á stökk. Þótti hátíðin heppnast



einstaklega vel og var hin glæsilegasta í alla staði. Ljósmyndari blaðsins tók

meðfylgjandi myndir á árs-hátíðinni. Fleiri myndir birtast á svipmyndum á bb.is.

Til mikils að vinna!

Sérhvert spor verður léttara!

Greiðsluþjónusta Íslandsbanka

Greiðsluþjónusta Íslandsbanka getur losað þig við áhyggjur af sveiflum í útgjöldum. Þú borgar sömu upphæð mánaðarlega og jafnar með því móti greiðslurnar yfir árið. Griplu tækifærið og láttu okkur sjá um að borga seikningana þína á réttum tíma.

Vertu velkomin(n) í næsta dýlið Íslandsbanka. Þjónustufulltrúar okkar hjálpa þér að skilgreyna fjármálið.

www.isb.is • 0 70 70 70

ÍSLANDSBANKI

helgargardagbókin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

veðrið

Horfur á fimmtudag: Vestlæg átt, víða 15-20 m/s og él, en léttskýjað austanlands. Hiti í kringum frostmark.

Horfur á föstudag: Sunnanátt og rigning sunnan og vestantil, en skýjað og úrkomulítið norðaustanlands.

Hiti 1-8 stig.

Horfur á laugardag: Suðvestanátt og rigning eða skúrir. Fremur milt.

Horfur á sunnudag: Vestlæg átt og eljagangur sunnan- og vestantil, en úrkomulítið á Norðaustur- og Austurlandi. Kólnandi veður.

Horfur á mánudag: Vestlæg átt og eljagangur sunnan- og vestantil, en úrkomulítið á Norðaustur- og Austurlandi. Kólnandi veður.



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 15. febrúar

- 17.05 Leiðarljós
- 17.50 Táknafréttir
- 18.05 Stubbarnir (78:90)
- 18.35 Nornin unga (16:24)
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.10 Gettu betur. Spurningakeppni framhaldsskólanna.
- 21.15 Britannic. (Britannic) Bresk sjónvarpsmynd frá 2000 um aðdrif systurskipi Titanic sem hét Britannic en því var sökk í seinni heimstyrjöldinni þar sem það var notað sem sjúkraskip. Hér segir frá síðustu ferðinni. Um borð eru þýskir leyniþjónustumenn sem áttu að koma í veg fyrir að vopnasending kæmist til Afríku. *Aðalhlutverk: Edward Atterton, Amanda Ryan, Jacqueline Bisset, Ben Daniels og John Rhys-Davies.*
- 22.50 Löggan í Beverly Hills III (Beverly Hills Cop III) Hasarmynd frá 1994 þar sem löggan Axel Foley kemst á snóðir um glæpastarfsemi í skemmtigarði í Kaliforníu. *Aðalhlutverk: Eddie Murphy, Judge Reinhold, Hector Elizondo og Theresa Randle.*
- 00.30 Otemjan. (Ouriga) Frönsk sjónvarpsmynd frá 1999. Sautján ára piltur fær vist hjá frænda sínum, bónda í Suður-Fraklandi, eftir að faðir hans sviptir sig lífi. *Aðalhlutverk: Daniel Russo, Gérard Rinaldi, Anne Marivin, Claudine Wilde, Vincent Branchet og Michèle Dupoirieux. e.*

02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 16. febrúar

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 09.02 Stubbarnir (80:90)
- 09.30 Bubbi byggir (21:26)
- 09.45 Litlu skrimslin (32:52)
- 09.50 Gulla grallari (19:26)
- 10.25 Pokémon (33:52)
- 10.45 Búrabýggð (41:96)
- 11.10 Kastljósið
- 11.35 Mósaik
- 12.10 At
- 12.50 Bikarkeppnin í handbolta. Bein útsending frá úrslitaleik *ÍBV* og *Gróttu/KR* í kvennaflokk í Laugardalshöll.
- 14.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.
- 16.30 Bikarkeppnin í handbolta. Bein útsending frá úrslitaleik *Hauka* og *Fram* í karlaflokk í Laugardalshöll.
- 18.00 Táknafréttir
- 18.10 Vinsældir (22:22)
- 18.54 Lottó
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.00 Milli himins og jarðar
- 21.00 Austríð. (East Is East) Bresk bíómynd frá 1999 um pakistanska fjölskyldu sem er að gliðna vegna þess að börnin virða ekki gamlar hefðir. *Aðalhlutverk: Om Puri, Linda Bassett, Jordan Routledge og Archie Panjabi.*
- 22.40 Vinir Eddies. (The Friends of Eddie Coyle) Spennumynd frá 1973 um smábófa sem reynir að koma sér undan fangelsisvist með því að veita lögreglu ný upplýsingar um vopnasala. *Aðalhlutverk: Robert Mitchum og Peter Boyle.*
- 00.25 Leigumörðingjar. (Assassins) Hasartyllir eins og þeir gerast bestir með Antonio Banderas, Julianne Moore og Sylvester Stallone í broddi fylkingar. Myndin fjallar um leigumörðingja sem áttar sig á því að hann er skotmark annars leigumörðingja.

02.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 17. febrúar

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 09.02 Disneystundin
- 10.22 Babar (33:65)
- 10.55 Stafakarlarinn (19:24)
- 11.05 Nýjasta tækni og vísindi
- 11.20 Kastljósið
- 11.45 Skjáleikurinn
- 15.40 Mósaik
- 16.15 Markaregn
- 17.00 Geimferðin (9:26)
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 Stundin okkar
- 18.30 Táningar (6:6)
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.00 Byggt yfir hugsjónir - Breiðholt. Heimildarmynd um hönnun og byggingu Breiðholtsins, fjölmennasta íbúðahverfis í Reykjavík. Sýnd eru fjöladmörög brot af uppbyggingu Breiðholtshverfanna úr safni Sjónvarpsins og rétt er við arkitektana sem skipulögðu hverfin. Þátturinn er unninn í tilefni Breiðholtssýningar Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu sem nú stendur yfir.
- 20.35 Í gördum Ósiris (1:4) (Un pique-

nique chez Osiris) Franskur verðlaunamyndaflokkur um þrjár konur sem fara til Egyptalands um aldamótin 1900 og kynna þar nýjum og spennandi heimi. *Aðalhlutverk: Dominique Blanc, Dominique Reymond og Marina Hands.*

21.30 Helgarsportíð

21.55 Marlene. (Marlene) Þýsk bíómynd frá 2000 um ævi söng- og leikkonunnar Marlene Dietrich. *Aðalhlutverk: Katja Flint, Herbert Knaup, Heino Ferch og Hans Werner Meyer.*

23.20 Kastljósið

23.45 Dagskrárlok



Föstudagur 15. febrúar

- 06.58 Ísland í bitíð
- 09.00 Glestar vonir
- 09.20 Í finu formi
- 09.35 Oprah Winfrey (e)
- 10.20 Jag (2:24) (e)
- 11.10 Myndbönd
- 12.00 Nágrannar
- 12.25 Í finu formi
- 12.40 Ó, ráðhús (23:23) (e)
- 13.00 Sprengjuhótunin. (Juggernaut) Sprengjuhótun berst eigendum skemmtiferðaskipsins Britannic. Óflugar sprengjur eru um borð í skipinu og munu þær springa ef eigendurnir reiða ekki af hendi hálfu milljón punda. Sprengjuserfræðingar eru sendir um borð og nú er hver sekúnda dýrmæt! *Aðalhlutverk: Anthony Hopkins, Omar Sharif, Richard Harris, David Hemmings.*
- 15.05 Andrea (e)
- 15.30 NBA-tilþrif
- 16.00 Barnatími Stöðvar 2
- 18.05 Seinfeld
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 Simpson-fjölskyldan (15:21)
- 20.00 Willow. Þriggja stjarna ævintýramynd. Smáfólkið af Newlyn-ættbálknum lifir í sátt og samlyndi þrátt fyrir að stríð geisi allt í kring. Við kynnumst hinum góðhertada Willow sem finnur stúlkubarn af Danikini-ætt á árbakkunum. Hann tekur að sér að vernda stúlkuna en þegar fram líða stundir er hún sú eina sem getur losað fólkíð undan okri Baymordu drottningar. *Aðalhlutverk: Val Kilmer, Joanne Whalley, Warwick Davis.*
- 22.05 Blóðsugubaninn Buffy (22:22)
- 22.55 Glataðar sálir. (Lost Souls) Hrollvekjandi spennumynd. Höpur kaþólikka óttast að satan láti þrátt til skarar skrifaða. Maya Larkin tilheyrir þessum hópi sem trúir því að sá útdvaldi sé spennusagnahöfundurinn Peter Kelson. Samkvæmt kenningunni mun satan taka sér bestu líkama Peters með skelfilegum afleiðingum. Maya færir Peter töfndin sem hann tekur fálaga en í kjölfarið taka undarlegir atburðir að gerast. *Aðalhlutverk: Winona Ryder, Ben Chaplin, Philip Baker Hall, Elias Koteas.*
- 00.35 Vesalingarnir. (Les Miserables) Jean Valjean kemur sér áfram í þjóðfélaginu eftir að hafa aflánað langa fangelsisvist í lögregluferðinni Javert mun ekki láta staðar numið fyrr en hann hefur komið Valjean aftur í steininum. Myndin er byggð á sigldri sögu Victors Hugos. *Aðalhlutverk: Liam Neeson, Geoffrey Rush, Uma Thurman, Claire Danes.*
- 02.45 Útlagadrottningin. (Bandit Queen) Hún hét Phoolan Devi eða Gyðja blómanna en allir kölluðu hana "Bandit Queen". Hún barðist fyrir réttlæti og frelsi fyrir þá sem lægst voru settir á Indlandi. Hún fór fyrir uppreisnarmönnum í fimmm ár og fjölmörg blósu upp fréttir af henni og baráttu hennar. Árið 1983 ákvað hún að gefa sig fram við lögreglu og var dæmd í ævilangt fangelsi en hún aflánaði ellefu ár. Þá var hún kjörin í þing og er nú einn vinsælasti stjórnmálamaður Indlands. *Aðalhlutverk: Seema Biswas, Nirmal Pandey.*

02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 16. febrúar

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 09.02 Stubbarnir (80:90)
- 09.30 Bubbi byggir (21:26)
- 09.45 Litlu skrimslin (32:52)
- 09.50 Gulla grallari (19:26)
- 10.25 Pokémon (33:52)
- 10.45 Búrabýggð (41:96)
- 11.10 Kastljósið
- 11.35 Mósaik
- 12.10 At
- 12.50 Bikarkeppnin í handbolta. Bein útsending frá úrslitaleik *ÍBV* og *Gróttu/KR* í kvennaflokk í Laugardalshöll.
- 14.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.
- 16.30 Bikarkeppnin í handbolta. Bein útsending frá úrslitaleik *Hauka* og *Fram* í karlaflokk í Laugardalshöll.
- 18.00 Táknafréttir
- 18.10 Vinsældir (22:22)
- 18.54 Lottó
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.00 Milli himins og jarðar
- 21.00 Austríð. (East Is East) Bresk bíómynd frá 1999 um pakistanska fjölskyldu sem er að gliðna vegna þess að börnin virða ekki gamlar hefðir. *Aðalhlutverk: Om Puri, Linda Bassett, Jordan Routledge og Archie Panjabi.*
- 22.40 Vinir Eddies. (The Friends of Eddie Coyle) Spennumynd frá 1973 um smábófa sem reynir að koma sér undan fangelsisvist með því að veita lögreglu ný upplýsingar um vopnasala. *Aðalhlutverk: Robert Mitchum og Peter Boyle.*
- 00.25 Leigumörðingjar. (Assassins) Hasartyllir eins og þeir gerast bestir með Antonio Banderas, Julianne Moore og Sylvester Stallone í broddi fylkingar. Myndin fjallar um leigumörðingja sem áttar sig á því að hann er skotmark annars leigumörðingja.

02.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 17. febrúar

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 09.02 Disneystundin
- 10.22 Babar (33:65)
- 10.55 Stafakarlarinn (19:24)
- 11.05 Nýjasta tækni og vísindi
- 11.20 Kastljósið
- 11.45 Skjáleikurinn
- 15.40 Mósaik
- 16.15 Markaregn
- 17.00 Geimferðin (9:26)
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 Stundin okkar
- 18.30 Táningar (6:6)
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.00 Byggt yfir hugsjónir - Breiðholt. Heimildarmynd um hönnun og byggingu Breiðholtsins, fjölmennasta íbúðahverfis í Reykjavík. Sýnd eru fjöladmörög brot af uppbyggingu Breiðholtshverfanna úr safni Sjónvarpsins og rétt er við arkitektana sem skipulögðu hverfin. Þátturinn er unninn í tilefni Breiðholtssýningar Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu sem nú stendur yfir.
- 20.35 Í gördum Ósiris (1:4) (Un pique-

Kvennabósinn Deuce Bigalow

Kvennabósinn Deuce Bigalow, eða Deuce Bigalow: Male Gigolo er geggjuð grínmynd frá árinu 1999 sem Stöð 2 sýnir kl. 22:10 á laugardagskvöld. Bigalow er seinheppinn náungi sem hefur það að aðalstarfi að hreinsa fiskabúr. Honum verður að að drepa nokkra rándýra fiska í eigi eins viðskiptavina sinna. Til að bæta tjónið grípur hann til þess ráðs að gerast fylgdarsveinn, þ.e. að selja konum blöu sína. Aðalhlutverk leikur Rob Schneider.



Frá framleiðendum Big Daddy

ráðinn í að finna þá í fjöru. Þeir fela sig um borð í skemmtiferðaskipi og halda að þeir séu hólpnir en svo illa vill til að leikarinn skapsteygi er einnig um borð og þá byrjar hasarinn! *Aðalhlutverk: Stanley Tucci, Alfred Molina, Steve Buscemi, Oliver Platt.*

22.10 Kvennabósinn Deuce Bigalow. (Deuce Bigalow: Male Gigolo) Geggjuð grínmynd um seinheppinn náunga, Deuce Bigalow, sem hefur það að aðalstarfi að hreinsa fiskabúr. Honum verður það að að drepa nokkra rándýra fiska fyrir einum viðskiptavina sinna. Til að bæta tjónið grípur hann til þess ráðs að gerast fylgdarsveinn, þ.e. að selja konum blöu sína. Nýja starfið gefur vel af sér í aðra hönd en gallinn er bara sá að Bigalow kann ekkert fyrir sér í faginu! *Aðalhlutverk: Rob Schneider, William Forsythe, Eddie Griffin, Arija Berekis.*

23.40 Joe Black. (Meet Joe Black) Fjölmíðlakóngurinn Bill Parrish finnur að dauðinn nálgast og býr sig undir stundir sínar með fjölskyldunni. Dóttir hans kynnist ungum manni á förnun vegi og hrifst af honum en leiðir þeirra skilja. Henni kemur því á óvart að sjá hann við kvöldverðarborð föður síns sama dag. Hann er kynntur sem Joe Black en virðist ekki kannast við stúlkuna sem vekur henni enn meiri furðu. Hver er Joe Black í raun og veru? *Aðalhlutverk: Anthony Hopkins, Brad Pitt, Claire Forlani.*

af Söru, óvenjulegri konu sem sögð er vera listagyðja sem veitir mönnum innblástur. Steven kemst í samband við Söru og er sannfærður um að raunir hans séu brátt að baki. Listagyðjan flytur inn á heimili hans og þá byrja vandræðin fyrir alvöru. *Aðalhlutverk: Albert Brooks, Sharon Stone, Andie MacDowell, Jeff Bridges.*

23.50 Elizabeth. Elizabeth tók við krúnunni í Englandi árið 1558 aðeins 25 ára. Hún þurfti að horfast í augu við bágan fjárhag, lélegan her, þáhattu sem stöðjaði af Frökkum og Spánverjum, að þáfinn hafði horn í síðu hennar og að ýmsir í hirð hennar vildu hana feiga. En Elizabeth stóð af sér allar raunir og var við völd næstu 45 ár. Hún varð einn dæðasti einvaldur sem ríkt hefur í Englandi. *Aðalhlutverk: Joseph Fiennes, Geoffrey Rush, Cate Blanchett.*

01.50 Tónlistarmyndbönd



Föstudagur 15. febrúar

- 18.00 Heklusport
- 18.30 Íþróttir um allan heim
- 19.30 Gillette-sportpakinn
- 20.00 Truffluð tilvera (5:14)
- 20.30 Heimavígastöðvarnar. (War At Home) Jeremy Collier er ungur hermaður sem snýr til baka frá Víetnamstríðinu án

02.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 17. febrúar

- 08.00 Barnatími Stöðvar 2
- 12.00 Myndbönd
- 12.15 Nágrannar
- 14.10 60 Minutes II
- 15.00 Risinn minn. (My Giant) Umboðsmaðurinn Sammy Kamin hittir risavaxinn náunga í klaustri í Rúmeníu og hyggst koma honum í kvikmyndabransann í Hollywood. Skemmtileg grínmynd með ótal spaugilegum atriðum. Skemmt er að minnast framtaks harðjaxlins Stevens Seagals sem er greinilega óhræddur við að gera grín að sjálfum sér. *Aðalhlutverk: Billy Crystal, Kathleen Quinlan, George H. Murren.*
- 16.45 Andrea (e)
- 17.10 Sjálfstætt fólk (e)
- 17.40 Oprah Winfrey
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 Viltu vinna milljón?
- 20.25 Bræðrabönd (8:10)
- 21.25 60 mínútur
- 22.15 Listagyðjan. (The Muse) Gamanmynd um handritshöfund í Hollywood sem er haldinn alvarlegri ritstíflu. Steven Phillips er orðinn uppiskroppa með hugmyndir. Hjá kunningja sínum fréttir hann

Sportíð

..... í beinni

Ríkissjónvarpið

Laugardagur 16. febrúar kl. 12:50
Úrslitaleikur í bikarkeppni kvenna í handbolta: ÍBV – Gróttu/KR
Laugardagur 16. febrúar kl. 14:25
Þýski boltinn: Leikur óákveðinn
Laugardagur 16. febrúar kl. 16:30
Úrslitaleikur í bikarkeppni karla í handbolta: Haukar – Fram

Sýn

Laugardagur 16. febrúar kl. 20:00
Spænski boltinn: Leikur óákveðinn
Sunnudagur 17. febrúar kl. 13:45
Ítalski boltinn: Leikur óákveðinn

Listagyðjan Sharon Stone

Listagyðjan, eða The Muse, er þriggja stjörnu gamanmynd um handritshöfund í Hollywood sem er haldinn alvarlegri ritstíflu. Steven Phillips er orðinn uppskröppa með hugmyndir. Hjá kunningja sínum fréttir hann af Söru, óvenjulegri konu sem sögð er vera listagyðja sem veiti mönnum innblástur. Steven kemst í samband við Söru og er sannfærður um að raunir hans séu brátt að baki. Leikstjóri er Albert Brooks sem jafnframt leikur eitt aðalhlutverkanna ásamt Sharon Stone, Andie MacDowell og Jeff Bridges. Myndin er sýnd á Stöð 2 kl. 22:15 á sunnudagskvöld.



Lokaáfangi dvalar- og hjúkrunarheimilis á Þingeyri

Verkið væntanlega boðið út á næstu dögum

Að beiðni bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar hefur heilbrigðisráðuneytið óskað eftir því við Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að heimilað verði útboð lokaáfanganna innréttingar dvalar- og hjúkrunarheimilis á Þingeyri. Um er að ræða innréttingu dvalarheimilis ásamt sameiginlegu rými í kjallara. Heilbrigðisráðuneytið hefur gert kostnaðaráætlun fyrir þennan áfanga en hún er ekki gefin upp þar sem um út-

boðsverk verður að ræða. Hlutur Ísafjarðarbæjar í framkvæmdinni er um 50%. Hjá Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er bréf frá bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar frá síðasta hausti þar sem segir að Ísafjarðarbær muni greiða sinn hlut í lokaframkvæmdum við „heilsugæslustöðina á Þingeyri“. Er þar átt við lokaframkvæmdir við innréttingu og lokafrágang dvalarheimilis á Þingeyri, þ.e. fimm íbúðir fyrir

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir mun væntanlega funda í þessari viku og þar verður máli tekið fyrir. Síðan lokaframkvæmdum við heilsugæslustöðina á Þingeyri lauk árið 1999, hefur Ísafjarðarbær óskað eftir því að lokið yrði við íbúðir fyrir aldraða. Nú hillir undir þann áfanga samþykki Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að farið verði í verkið. Má búast við útboði á verkinu á næstu dögum.

20.00 Spænski boltinn. Bein útsending. 22.10 Sómapiptur. (Mr. Nice Guy) Þriggja stjarna grín- og hasarmynd. Giancarlo er eiturlyfjabarón í Melbourne í Astrálu. Fréttakonan Diana hefur náð að festa glæpsamlegt athæfi hans á myndband. Birting þess mun koma Giancarlo á bak við lás og slá í eitt skipti fyrir öll. Á flotta undan Giancarlo rekst Diana á sjónvarpskikkinn Jackie sem þar með er orðinn flæktur í málið og er nú líka hundeltur af blóðþyrstum glæpamönnum. Aðalhlutverk: Jackie Chan, Richard Norton, Miki Lee. 23.35 Hnefaleikar - Roy Jones Jr. 01.00 Emmanuelle 4. 02.25 Dagskrárlok og skjáleikur Sunnudagur 17. febrúar

hjólastól. May-Alice heldur aftur til æskustöðvanna og upphafst þá sérstakt fjandvinsamband hennar og hjúkrunarkonunnar Chantelle. Aðalhlutverk: Mary McDonnell, Alfre Woodard, David Strathairn, Angela Bassett, Vondie Curtis-Hall. 02.25 Dagskrárlok og skjáleikur



SKJÁREINN

Föstudagur 15. febrúar

16.30 Muzik.is
17.30 Jay Leno
18.30 Johnny International (e)
19.30 Yes Dear
20.00 Powerplay. Brett Parker er íþróttambótsmaður sem svífst einskis til að ná markmiðum sínum. Þættir í anda stórmyndarinnar Jerry Mcquire. 21.00 Þátturinn
22.00 Djúpa laugin. Þórey Eva og Júlíus Hafstein koma Íslendingum á stefnumót. 22.50 The Practice (e)
23.40 Temptation Island II (e)
00.30 Jay Leno (e)
01.20 Law & Order
02.00 Muzik.is
03.00 Óstöðvandi tónlist Laugardagur 18. febrúar

12.30 48 Hours
13.30 Law & Order
14.30 Jay Leno
15.30 Djúpa laugin (e)
16.30 Total Recall (e)
17.30 Þátturinn (e)
18.30 Dateline (e)
19.30 King of Queens
20.00 Johnny International. Í þessum síðasta þætti með Johnny National sem síðar varð International verða sýnd brot af því besta. Heilsa, bjór, hommar, jól, eiturlyf, stjórnmál, rasismi, hámenning og trúarbrögð eru meðal þess sem Johnny Naz hefur stúderað. 21.00 Íslendingar. Spurninga- og spjallþáttur í umsjón Fjalars Sigurðarsonar. Íþróttafólk lætur ljós sitt skína í kvöld. Hjónin Samúel Örn Erlingsson íþróttafréttamaður á RUV og Ásta B. Gunnlaugsdóttir knattspyrnukona keppa við handboltastjórnuna Sigurð Sveinsson og konu hans Sigríði Héðinsdóttur. 22.00 Traders. Í dramapættinum Traders er fjallað um hóp fólks í sem vinnur við verðbréfamíðlun í banka. Það er stutt milli hláturs og gráturs í þessum heimi þar sem breytingar eru miklar og þær hafa ekki einugis áhrif á vinnu þessa fólks heldur tekur sinn toll í einkalífinu. 22.50 C.S.I. (e)
23.40 Jay Leno (e)
01.10 Profiler (e)
02.00 Muzik.is
03.00 Óstöðvandi tónlist Sunnudagur 17. febrúar

12.30 Silfur Egils
14.00 Mótör
14.30 Traders (e)
15.30 The Practice (e)
16.30 Innlit-Útlit (e)
17.30 Judging Amy (e)
18.30 Fólki - með Sirrý (e)
19.30 Two guys and girl
20.00 Dateline
21.00 Silfur Egils
22.30 Íslendingar (e)
23.20 Powerplay (e)
00.10 Jay Leno (e)
01.00 Muzik.is
02.00 Óstöðvandi tónlist

www.bb.is

Lifandi frétta-
miðill á
Vest-
fjörðum!



Sunnudagur 17. febrúar kl. 15:55

Enski boltinn: Chelsea – Preston North End

Sunnudagur 17. febrúar kl. 18:55

Enski boltinn: Newcastle United – Manchester City

Sunnudagur 17. febrúar kl. 21:30

NBA: Portland TrailBlazers – Los Angeles Lakers

Þriðjudagur 19. febrúar kl. 19:30

Meistarakeppni Evrópu: Juventus – Deportivo La Coruna

Þriðjudagur 19. febrúar kl. 21:40

Meistarakeppni Evrópu: Real Madrid – Porto

Miðvikudagur 20. febrúar kl. 19:30

Meistarakeppni Evrópu: Barcelona – Roma

Miðvikudagur 20. febrúar kl. 21:40


Meistarakeppni Evrópu: Liverpool – Galatasaray

Stöð 2

Laugardagur 16. febrúar kl. 14:45

Enski boltinn: 5. umferð bikarkeppninnar

Hvað er að ske? Á helginni
15. feb - 18. feb.



Walt Disney
ATLANTIS
Týnda Borgin

Frábært ævintýri og grín fyrir alla aldurshópa
Sunnudag kl 5
M/ Ísl Tali
Síðasta sýning

K-PAX

Tvöfaldur Óskarsverðlaunahafi í magnaðri mynd sem þú verður að sjá og munt tala um. Mynd sem minnir á Gaukshreiðrið.

*** MBL. *** 1/2 Kvikmyndir.is

Sunnudag kl 9
Mánudag kl 9



Stjallinn
PARTÝYÝÝÝ
Stemming á
föstudagskvöld og laugardagskvöld

Biggi, Þórhallur og Hávarður

Í djammstuði og tilboð á barnum

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu
fasteignir víða
á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar
eru veittar á skrifstofu

netið

Hver eru uppáhalds bókamerkin þín á Netinu? Friðþjófur Þorsteinsson nemi í Menntaskólanum á Ísafirði svarar:


„Tilveran, www.tilveran.is, er vefur sem ég skoða daglega og jafnvel oft á dag. Þá skoða ég líka teiknimyndasögurnar um Dilbert á vef Morgunblaðsins, www.mbl.is/frettir-ix/folk/dilbert, og User-Friendly, sem er svona nördahúmor, www.userfriendly.org, á hverjum degi ásamt því að gefa mat á „The Hunger Site“, www.thehungersite.com. Önnur bókamerki sem ég nota eru t.d. bb.is og snerpa.is og svo er vert að benda á nýja heimasíðu nemendafélags Menntaskólans www.it.is/nmi/“



fréttir

Mikill óþrifnaður fylgir sandinum

Nokkurrar óánægju hefur gætt á meðal íbúa Ísafjarðarbæjar með sand þann sem dreift hefur verið á götur bæjarins í hálkunni að undanfögnu. Hefur mörgum fundist sandurinn gróður og skítugur, hálfgerður aur, sem berist inn í hús og verslanir, fólki til mikilla ama. Sigurður Mar Óskarsson, bæjartækni-fræðingur sagði í samtali við blaðið, umræddan sand vera þann besta sem væri á boðstólum í dag. Hann sagði ennfremur að engar kvartanir hefðu borist til bæjaryfirvalda vegna þessa í ár en nokkuð hefði verið um kvartanir árið á undan. „Sandurinn sem við notuðum í fyrra var örlítið skítugur. Hins vegar hefur sá sandur sem við notum núna reynst mjög vel. Hann er unnin í Varmadal í Öfundarfirði og er tekinn úr Eyrarhalla,“ sagði Sigurður Mar.



Þar sem þú ert
- þar erum við

ÞÓSTURINN
www.postur.is

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk



Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

Ísafjörður

Sigríður Björk skipaður sýslumaður

Dómsmálaráðherra hefur skipað Sigríði Björk Guðjónsdóttur, skattstjóra Vestfjarðaumdæmis, til þess að vera sýslumaður á Ísafirði. Þá hefur Bjarni Stefánsson sýslumaður á Hólmavík, verið skipaður sýslumaður á Blönduósi. Skipanirnar taka gild frá og með 15. febrúar.

Sigríður Björk er gift Skúla Ólafssyni, fyrrverandi aðstoðarsóknarpresti á Ísafirði og starfandi presti Íslendinga í Svíþjóð. Þar hafa þau hjón búið að undanfögnu ásamt börnum sínum.

Ísafjarðarbær

Magnús Reynir leiðir lista Frjálslyndra

Magnús Reynir Guðmundsson, útgerðarmaður á Ísafirði, mun skipa fyrsta sæti á lista Frjálslyndra í Ísafjarðarbæ í sveitarstjórnarkosningunum í vor.

Þetta kom fram í viðtali sem Svæðisútvarp Vestfjarða átti við Halldór Hermannsson á Ísafirði. Sjálfur sagðist Halldór skipa heiðurssætið en einnig yrðu á listanum Ásthildur Þórðardóttir og Kristján Andri Guðjónsson ásamt fleiri einstaklingum.

Þá taldi Halldór góðar líkur til þess að Frjálslyndir og Vinstri grænir myndu bjóða fram sameiginlegan lista en Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður deildar Vinstri grænna í Ísafjarðarbæ, sagði að því færi víðs fjarri að félagar í Vinstri grænum væru í framboðshugleiðingum með Frjálslyndum.

Ný sumarátun Flugfélags Íslands fær misjafnar undirtektir

Kvöldfluginu flýtt um þrjár klukkustundir

Sumarátun Flugfélags Íslands mun breytast nokkuð frá því sem verið hefur og ljóst að flug til Ísafjarðar hefur verið fært talsvert fram. Þannig mun morgunvélin fara frá Reykjavík kl. 7.45 og aftur frá Ísafirði kl. 8.50 en það er 75 mínútur fyrr en áður. Seinni vélin mun hins vegar fara frá Reykjavík kl. 16.10 og frá Ísafirði kl. 17.20 eða 150 mínútur fyrr en vanalega.

Arnór Jónatansson, umdæmisstjóri Flugfélags Íslands á Ísafirði, segir að það séu einkum tvær ástæður fyrir

þessum breytingum, annars vegar hafi viðskiptavinir lengi óskað eftir því að morgunfluginu yrði flýtt og hins vegar sé um hagræðingu að ræða. Með því að flýta ferðunum, einkum þó þeirri seinni, fái betri nýting á flugvélu og áhöfnum auk þess sem vaktir eru styttri.

Aðspurður um viðbrögð við nýrri sumarátun, segir Arnór að þau hafi verið tvenns konar. Þeir sem eru í viðskipta- og vinnuferðum séu sérstaklega ánægðir enda hentar þessi tími vel þeim sem fara slíkar dagsferðir en aftur á móti séu ferðapjónustuaðilar

ósáttir við að ekki verða lengur ferðir snemma kvölds. Það sé hins vegar erfitt að gera öllum til hæfis.

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir hjá Vesturferðum á Ísafirði segir að breytingarnar á sumarátuninni komi sér mjög illa fyrir ferðapjónustuaðila hér fyrir vestan. Tímasetningin sem var á seinni vélinni hafi hentað ágætlega með tilliti til bátsferða frá Hornströndum en nýja átunin hafi það í för með vélin er farin áður en fólk er komið í land og þurfi það því að bíða yfir nótt eftir morgunvélinni. Það sama

gildi um dagsferðir sem hafa verið farnar í Vigur, báturinn sé rétt að leggja að landi þegar flugvélin fer í loftið.

Segir Sigríður að hún hafi verið í sambandi við talsmenn Flugfélagsins og farið yfir stöðu mála með þeim. Vonast hún til að félagið muni endurskoða málið, en báðir aðilar hafi fullan skilning á forsendum hins. Hún segist ekki vera að fara fram á að alfarið verði fallið frá þessum breytingum heldur frekar ná samkomulagi við Flugfélag Íslands um að hnika þessari tímasetningu eitthvað til.

Bolla, bolla, kringla, krans...

Sjálfsgagt hafa margir foreldrar vaknað við flengingu á mánudagsmorgun, enda langþráður bolludagur runnin upp hjá yngstu kynslóðinni. Sá siður að flengja sína nánustu með flengikústi í því skyni að fá að launum gómsætar bollur hefur löngum verið viðhafður á Vestfjörðum og ekki er líklegt að hann leggist af meðan bollur reynast jafn gómsætar og raun ber vitni. Að sögn Árna Aðalbjarnarsonar, bakameistara í Gamla bakaríinu á Ísafirði, eru gömlu góðu rjómobollurnar vinsælastar, en Welsbollurnar koma fast á hæla þeim. Alls eru bakaðar um tugi bollutegunda hjá Gamla bakaríinu eða um 8.000 bollur þá viku sem þær verða til sölu.



Rósa Þorsteinsdóttir og Ruth Tryggvason höfðu í nógu að snúast á mánudag við að afgreiða rjómobollur til viðskiptavina Gamla bakarísins.

Ísafjarðarbær í lið með verkalyðshreyfingunni í viðnámsaðgerðum

Hækkunar dregnar til baka

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi á fimmtudag að draga til baka áður samþykka hækkun á dagvistargjöldum á leikskólum og lækka ymsar aðrar gjaldskrár frá og með 1. mars nk. Þannig mun gjaldskrá dagvistargjalda ekki verða tengd vísitölu út árið 2002, sem þýðir að leik-

skólajöld munu ekki hækkast á árinu umfram vísitöluhækkun í byrjun árs.

Þá lækka daggjöld á gæsluvöllum um 5%, gjald fyrir félagslega heimaþjónustu aldraðra um 5% og félagsstarf aldraðra um 5%. Einnig lækkar gjaldskrá Dægradvalar heilsdagsskóla um 5% og

sömuleiðis gjaldskrár íþróttahúsa, sundlauga og skíðasvæðis. Hefur Ísafjarðarbær þar með orðið við áskorun verkalyðshreyfingarinnar um þátttöku sveitarfélaga í átaki sem miðar að því að halda verðlagsbreytingum innan rauða striksins sem skilgreint hefur verið 1. maí.

Kostnaður vegna þessara lækkana er áætlaður sex milljónir króna sem er 5% af rekstrarframlagð ársins 2002.

Átlunin að að mæta kostnaðinum með hagræðingu í rekstri og hefur bæjarstjóra verið falið að leggja tillögur að slíkri hagræðingu fyrir bæjarráð.

Nýtt kaffi- og veitingahús
í gamla húsi frá 1788

Faktorshúsið í Hæstakaupstað

Sími 456 3868
OPIÐ: kl. 11.30-23.30
sunnudaga kl. 12-23.30

Komid og fáið ykkur kaffinar,
eða öl og með því.
Söpa og braud í hægðing

Takum á móti hófum í mat
ef pantid er með fyrirvara

SAMKAUP

OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21
Laugardaga
kl. 10 - 21
Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

SAMKAUP
AUSTURVEGI 2 • Sími 456 5460

Fyrstir bóka
fyrstir fá

Ferðaskrifstofu-
og flugumboðin

ICELANDAIR

Meimofurðir

plús

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Opið frá 10-17:30 mán-fim
opið frá 10-16:00 föstudaga

Vesturferðir

Adalstræti 7 - Sími 456 5111

www.vesturferdir.is
vesturferdir@vesturferdir.is

bb.is

- öflugur frétt- og
upplýsingamiðill!